

# Fjömenningsræping 2012

Hvað segja innflytjendur í Reykjavík?



Reykjavíkurborg  
mannréttindaskrifstofa

## Efnisyfirlit

<b>I</b>	<b>INNGANGUR</b> .....	<b>2</b>
<b>II</b>	<b>UNDIRBÚNINGUR ÞINGSINS</b> .....	<b>2</b>
<b>III</b>	<b>INNFLYTJENDUR</b> .....	<b>2</b>
<b>IV</b>	<b>FYRIRKOMULAG FJÖLMENNINGARÞINGSINS</b> .....	<b>5</b>
<b>V</b>	<b>KOSNING Í FJÖLMENNINGARRÁÐ</b> .....	<b>6</b>
<b>VI</b>	<b>HELSTU NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>7</b>
VI.A	SAMFÉLAGSFRÆÐSLA -HVERNIG VIRKAR SAMFÉLAGIÐ, GILDI, HEFÐIR OG VENJUR? .....	7
VI.B	MENNING OG LISTIR – AÐGENGI INNFLYTJENDA .....	8
VI.C	LÝÐRÆÐISLEG ÞÁTTTAKA.....	9
VI.D	ÍÞRÓTTIR OG TÓMSTUNDIR.....	9
VI.E	FJÖLMIÐLAR.....	10
VI.F	RÍKISBORGARÉTTUR – RÉTTINDI OG SKYLDUR.....	10
VI.G	AÐGENGI AÐ UPPLÝSINGUM.....	11
VI.H	MÍÐLUN UPPLÝSINGA Á MILLI INNFLYTJENDA .....	12
VI.I	HVERNIG ER HÆGT AÐ NÁ TIL FÓLKS SEM ER EKKI VEL FÉLAGSLEGA TENGT? .....	12
VI.J	FJÖLMIÐLAR OG UMFJÖLLUN ÞEIRRA UM INNFLYTJENDUR.....	12
VI.K	STOFNANIR – HVERNIG MIÐLA ÞÆR UPPLÝSINGUM? .....	13
VI.L	FÉLAGSLEG SAMTÖK TENGD INNFLYTJENDUM.....	13
VI.M	ÚTGEFIÐ EFNI .....	14
VI.N	SKÝIN .....	14
<b>VII</b>	<b>NÆSTU SKREF</b> .....	<b>16</b>
<b>VIII</b>	<b>FYLGISKJAL</b> .....	<b>16</b>

## I Inngangur

Fjölmenningarþing Reykjavíkurborgar var haldið í annað sinn í Borgarleikhúsinu 10. nóvember 2012. Þingið var á vegum mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og var tilgangur þess að hvetja innflytjendur í borginni til að tjá sig, gagnrýna aðgengi sitt að upplýsingum og þjónustu sem stendur þeim til boða, og benda á möguleg úrræði til að auðvelda gagnkvæma aðlögun þeirra og íslensks samfélags.

Markmið þingsins:

- ✓ Styrkja fjölmenningarsamfélagið og skapa samráðsvettvang fyrir innflytjendur.
- ✓ Efla innflytjendur í að tala fyrir réttindum sínum.
- ✓ Efla tengslanet innflytjenda og tengslanet Reykjavíkurborgar við innflytjendasamfélagið.
- ✓ Efla þjónustu við innflytjendur og gera hana skilvirkari.
- ✓ Kjósa sjö manna fjölmenningarráð sem verður ráðgefandi fyrir mannréttindaráð Reykjavíkurborgar og aðrar stofnanir borgarinnar í innflytjendamálum.

Aðal umræðuefni þingsins var aðgengi innflytjenda að upplýsingum. Niðurstöður umræðanna eiga að nýtast til að bæta þjónustu borgarinnar, sérstaklega í miðlun upplýsinga til innflytjenda.

## II Undirbúningur þingsins

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur sá um undirbúning, skipulagningu og framkvæmd þingsins. Mannréttindaráð skipaði einnig starfshóp sem kom að undirbúningnum. Í starfshópnum áttu sæti:

Margrét Kristín Blöndal frá Besta floknum  
 Bjarni Jónsson frá Samfylkingu  
 Grazyna M. Okuniewska frá Sjálfstæðisflokki  
 Claudia Overesch frá Vinstri grænum  
 Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri  
 Jóna Vigdís Kristinsdóttir, verkefnastjóri þingsins.

Hópurinn fundaði alls fimm sinnum og fékk til sín á fundi ýmsa aðila sem tengdust fjölmenningarsamfélaginu, ss. starfandi fjölmenningarráð Reykjavíkurborgar, hagsmunafélög innflytjenda og starfsmenn borgarinnar sem starfa að málefnum innflytjenda.


## III Innflytjendur

Allar upplýsingar í þessum kafla eru byggðar á upplýsingum frá Hagstofu Íslands ([www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)).

Samkvæmt Hagstofu Íslands (2009) er, „innflytjandi“ skilgreindur sem einstaklingur „sem fæddur er erlendis og hverra foreldrar eru báðir fæddir erlendis og hafa erlendan bakgrunn. Báðir afar og báðar ömmur eru þannig fædd erlendis. Önnur kynslóð innflytjenda eru einstaklingar sem fæddir eru hér á landi en eiga foreldra sem báðir eru fæddir erlendis auk þess sem afar og ömmur einstaklingsins eru fædd erlendis.“<sup>1</sup>


<sup>1</sup> Hagstofa Íslands: **Innflytjendur og einstaklingar með erlendan bakgrunn 1996–2008, bls. 15-16**  
<http://www.hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=9077>

Þann 1. janúar, 2012 voru innflytjendur<sup>2</sup> alls 28.326 eða 8,9% af heildarfjölda íbúa á Íslandi. Þá eru taldir með þeir innflytjendur sem höfðu öðlast íslenskan ríkisborgararétt. Þar af voru 12.974 búsettir í Reykjavík



Graf 1

**Graf 1** sýnir 15 fjölmennustu þjóðahópana eftir fæðingarlandi í byrjun árs 2012. Á Íslandi eru 9.262 Pólverjar, þar af eru 3.033 sem búa í Reykjavík. Pólskir innflytjendur halda áfram að vera fjölmennasti innflytjendahópurinn á Íslandi.




Graf 2

**Graf 2** sýnir löndin eða tungumálasvæðin<sup>3</sup> sem yfir 150 einstaklingar með erlent ríkisfang búsettir í Reykjavík tilheyra. Íbúar frá Norðurlöndunum eru saman í hóp (Noregur, Danmörk, Svíþjóð og Finnland) og enskumælandi lönd (Ástralía, Barbados, Bretland, Bandaríkin, Írland, Kanada og Jamaíka), lönd þar sem portúgalska er töluð (Portúgal, Grænhöfðaeyjar, Mósambík, Brasilía, og Angóla), og spænskumælandi lönd (Argentína, Bólívía, Chile, Dóminíska Lýðveldið, Ekvador, El Salvador, Gvatemala, Hondúras, Kosta Ríka, Kólumbía, Kúba, Mexíkó, Níkaragva, Paragvæ, Perú, Spánn, Úrugvæ og Venesúela).


<sup>2</sup> Hagstofa Íslands. **Innflytjendur eftir kyni og sveitarfélagi**, 2012

<sup>3</sup> Hagstofa Íslands. **Mannfjöldi eftir kyni, sveitarfélagi og ríkisfangi**, 2011



Graf 3

**Graf 3** sýnir heildarfjölda innflytjenda sem fengu íslenskan ríkisborgararétt frá árinu 1991. Alls fengu 8.679 innflytjendur íslenskan ríkisborgararétt á tímabilinu 1991 – 2011. Þar af fengu 3619 karlar og 5060 konur íslenskan ríkisborgararétt<sup>4</sup>. Flestir fengu íslenskan ríkisborgararétt árið 2008 og fer þeim fækkandi í kjölfarið.




Graf 4

**Graf 4** sýnir dreifingu 9006 innflytjenda<sup>5</sup> eða 7.6% af heildarfjöldanum í hverfum borgarinnar.

Miðborg og Hlíðar og Breiðholt hafa flesta innflytjendur með erlendan ríkisborgararétt. Innflytjendur með íslenskan ríkisborgararétt eru ekki meðtaldir á þessari mynd.

<sup>4</sup> Hagstofa Íslands **Veiting íslensks ríkisfangs eftir fyrra ríkisfangi, kyni og aldri 1991-2011**

<sup>5</sup> Hagstofa Íslands. **Hlutfall í prósentum og fjöldi erlendra ríkisborgara eftir hverfum í Reykjavík** þann 9. september 2012 í prósentum. Tölulegar upplýsingarnar frá Velferðarráði Reykjavíkur.



Graf 5

Graf 5 sýnir aldursdreifingu innflytjenda í Reykjavík<sup>6</sup> þar sem 20-29 ára er stærsti hópurinn.

#### IV Fyrirkomulag fjölmenningsþingsins

Fjölmenningsþing Reykjavíkurborgar var auglýst í Grapevine, á vefsíðu Reykjavíkurborgar, fésbókarsíðu Reykjavíkurborgar og netfangalistum, á vefsíðum ýmissa stofnana og samtaka sem fjalla um innflytjendamál svo og í bæklingum sem einnig var dreift rafrænt. Þessar auglýsingar voru þýddar yfir á fimm tungumál (ensku, íslensku, pólsku, litháisku og filippseysku). Yfir hundrað þátttakendur skráðu sig á þingið í gegnum netfang mannréttindaskrifstofu og á viðburðasíðu þingsins á fésbókinni sögðust 200 ætla að taka þátt í þinginu.

Þátttakendum var skipt niður á 14 borð eftir tungumálum og voru allt að 10 þátttakendur á hverju borði. Borðstjóri stjórnadeildar umræðunum og ritari hafði aðgang að fartölvu til þess að skrá niður helstu niðurstöður umræðunnar. Í boði var að tala á níu tungumálum og við skráningu voru þátttakendur spurðir hvaða tungumál þeir vildu nota í umræðunum þ.e. ensku, íslensku, spænsku, pólsku, tælensku, víetnömsku, filippseysku, rússnesku eða litháisku. Flestir borðstjórar og ritarar fengu þjálfun fyrir þingið sem Hulda Karen Daníelsdóttir, kennsluráðgjafi sá um.

Tafla1

Tungumál	Mannfjöldi
Enska	744
Filippseyska	340
Litháíska	841
Pólska	3033
Rússneska	103
Spænska	315
Víetnamska	189
<b>Samtals</b>	<b>5565</b>

Þessi tafla sýnir fjölda innflytjenda búsetta í Reykjavík með erlent ríkisfang miðað við opinbert tungumál. Innflytjendur sem hafa fengið íslenskan ríkisborgararétt eru ekki taldir með. Ennfremur sýnir taflan tungumálin sem töluð voru á þinginu. Þeir sem höfðu áhuga á að taka þátt í umræðunum en höfðu ekki möguleika á að tala á sínu móðurmáli gátu tekið þátt í umræðum á ensku eða íslensku. Umræðurnar stóðu yfir í tvær klukkustundir og skiptust í tvo hluta. Fyrri hlutinn fjallaði um upplifun innflytjenda, menntun, menningu og listir, lýðræðislega

<sup>6</sup> Hagstofa Íslands. Mannfjöldi eftir kyni, sveitarfélagi, aldri og ríkisfangi, 2012

þátttöku, íþróttir, frístundir, fjölmiðla, ábyrgð og borgaraleg réttindi. Seinni hlutinn fór fram eftir hádegi og fjallaði hann um sýn þátttakenda á aðgengi upplýsinga og hvernig bæta mætti aðgengi þeirra að upplýsingum á hinum ýmsu sviðum þjóðfélagsins eins og til dæmis fjölmiðlum, opinberum stofnunum, samtökum sem og að útgefnu efni. Þátttakendum var afhent pappírsský þar sem þeir gátu teiknað eða skrifað niður bestu hugmyndirnar sem komu upp í umræðuhópunum. Skýjunum var svo safnað saman ásamt fundarskýrslum ritaranna og texti þeirra þýddur.

Í matarhléinu og raunar á meðan á þinginu stóð gátu þátttakendur staldrað við í upplýsingabásnum þar sem deilt var út upplýsingum um ýmislegt sem varðar innflytjendur eins og til dæmis upplýsingar frá opinberum stofnunum og samtökum sem og öðrum sem láta sig mál innflytjenda varða.

### Kynningartorg:

- Reykjavíkurborg – þjónusta við innflytjendur
  - Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur
  - Spice
  - Þjónustumiðstöð Breiðholts
  - Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða
  - Skóla- og frístundasvið
  - Frístundamiðstöðin Kampur
  - Borgarbókasafn
  - Minjasafn Reykjavíkur
- Mímir símenntun
- Frétta- og viðburðarvefsíðan á pólsku informacje.is
- Mannréttindaskrifstofa Íslands
- Vinnumálastofnun
- Tungumálaskólinn SKOLI.EU
- Jafnréttishús
- Fjölmeningarsetur
- Móðurmál Samtök um tvítyngi
- Samhljómur menningarheima
- Vinafjölskyldur
- WOMEN
- Víðsýni og vefmiðillin Vision

## V Kosning í fjölmeningarráð

Kosningar í fjölmeningarráð voru skipulagðar af mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Lög og reglur varðandi þingið voru samþykkt í september 2012. Fulltrúar í fjölmeningarráði eru kosnir til tveggja ára og er starfið sjálfboðastarf. Innflytjandi sem hefur náð 18 ára aldri og er með lögheimili í Reykjavík getur boðið sig fram í fjölmeningarráð. Þeir sjö frambjóðendur sem flest atkvæði fá hljóta kosningu og næstu sjö verða varamenn. Til þess að tryggja fjölbreytileika kjörinna fulltrúa mega ekki vera fleiri en tveir fulltrúar af sama þjóðerni innan ráðsins. Sama regla gildir um varamenn. Þó skal taka fram að samsetning aðalmanna í fjölmeningarráðinu hefur ekki áhrif á samsetningu varamanna í ráðinu, þ.e. ef tveir einstaklingar frá sama

landi ná kjöri sem aðalmenn þá útilokar það ekki að tveir aðrir einstaklingar frá sama landi séu kjörnir varamenn.

Byrjað var að auglýsa eftir frambjóðendum í september og var lokað fyrir framboð 20. október. Allir frambjóðendurnir voru auglýstir á vefsíðu Reykjavíkurborgar og þann 5. nóvember var haldinn framboðsfundur í Iðnó þar sem hver og einn frambjóðandi fékk að kynna sig.

Íbúar í Reykjavík með erlent ríkisfang, íslenskir ríkisborgarar fæddir erlendis og erlendir ríkisborgarar fæddir á Íslandi gátu kosið en kosningaréttur var takmarkaður við 18 ára aldurslágmark. Nauðsynlegt var að hafa skilríki meðferðis þegar kosið var. Utankjörsstaðarkosningar voru í Ráðhúsi Reykjavíkur 8. og 9. nóvember frá kl. 10:00 til 17:00. Kosningardagurinn var 10. nóvember í Borgarleikhúsinu frá kl. 10:00 til 15:00. Kjósendur gátu valið um sjö frambjóðendur af fimmtán manna lista. Kjörnefnd tilkynnti kjör nýrra fulltrúa fjölmenningsarráðs þann 12. nóvember.

Fjölmenningsaráð 2012-2014:

- Candace Alison Loque (Filippseyjar)
- Aleksandra Chlipala (Pólland)
- Jessica Abby VanderVeen (Bandaríkin)
- Harald Schaller (Þýskaland)
- Tung Phuong Vu (Víetnam)
- Juan Camilo Roman Estrada (Kólumbía)
- Josephine Wanjiru (Kenía)

Varamenn:

- Ronald Surban Fatalla (Filippseyjar)
- Natalia Boyko (Rússland)
- Godson U.O. Anuforo (Nígería)
- Amir Mulamuhic (Bosnía)
- Luiza Klaudia Potuczek (Pólland)
- Agnieszka Sienkiewicz (Pólland)
- Rey LeClerc Sveinsson (Puerto Rico)

Nánar upplýsingar um Fjölmenningsarráð Reykjavíkur á vefsíðu þeirra: [www.reykjavik.is/mcc](http://www.reykjavik.is/mcc)

## VI Helstu niðurstöður

Í þessum kafla er að finna helstu niðurstöður úr umræðuhópum þingsins. Svör hvers hóps er hægt að sjá í viðauka, samhliða upplýsingum á tungumáli hvers hóps.

### VI.A Samfélagsfræðsla -hvernig virkar samfélagið, gildi, hefðir og venjur?

*Hvaða upplýsingar þarftu þegar þú kemur til landsins?*

Þær upplýsingar sem þátttakendur töldu sig helst þurfa á að halda við komuna til landsins eru upplýsingar á þeirra eigin móðurmáli um hin ýmsu atriði eins og dvalarleyfi, atvinnumál, réttindi, opinberar stofnanir,



heilsu, menntun, málefni foreldra, tryggingar, húsnæðismál, bankaupplýsingar, skattaskýrslu og starfsemi ýmissa samtaka. Einnig var minnst á nauðsyn þess að vita hvert eigi að leita eftir upplýsingum og við hvern sé best að tala. Eins var lögð almenn áhersla á mikilvægi þess að læra íslensku, um íslenska menningu og sögu og var það talið sérstaklega mikilvægt í þeim tilfellum þegar viðkomandi á ekki íslenskan maka eða ættingja eða önnur bein tengsl við íslenskt samfélag.

#### *Hvernig færðu upplýsingarnar?*

Flestir þátttakendur sögðust yfirleitt fá upplýsingar af vefsíðum opinberra stofnana, frá íslenskum maka eða öðrum innflytjendum af sama þjóðerni, sérstaklega frá þeim sem kynntu þá fyrir landinu. Einhverjir sögðust hafa fengið upplýsingar hjá starfsmanni opinberrar stofnunar. Þátttakendur sögðust einnig fá upplýsingar í gegnum hópa á fésbókinni, úr bæklingum, á flugvellingum, í miðbænum, frá atvinnurekendum og vinnufélögum sem og úr íslenskukennslu. Einn þátttakandi sagðist hafa fengið nákvæmar leiðbeiningar um hvernig ætti að komast inn í íslenskt þjóðfélag í handbók frá fyrirtækinu sem réð hann í vinnu.

#### *Hvað þarf að bæta í upplýsingagjöf?*

Næstum allir hóparnir kvörtuðu yfir því að fá oftast en ekki rangar eða misvísandi upplýsingar frá hinum ýmsum stöðum borgarinnar. Þeir töldu þar af leiðandi mikilvægt að hafa upplýsingasetur fyrir innflytjendur sem myndi þjóna því hlutverki að vera allsherjar upplýsingaveita á mismunandi tungumálum jafnt fyrir innflytjendur sem og stofnanir. Eins komu tillögur um að hannaður yrði nútímalegur vefur þar sem boðið væri upp á ráðgjöf og þar sem upplýsingar yrðu uppfærðar reglulega.

- ✓ Nauðsynlegt er að hafa miðstöð fyrir innflytjendur sem nyti stuðnings sveitafélaga og annarra stofnana.
- ✓ Góð leið til þess að koma upplýsingum til innflytjenda er að setja stuttar auglýsingar á mismunandi tungumálum í dagblöð og bæklinga sem væri dreift á heimilin.
- ✓ Kom fram að það væri gagnlegt að hafa bæklinga til staðar á flugvellingum.
- ✓ Jafnframt kæmi sér vel að vinnustaðir sendi innflytjendur á íslenskunámskeið á vinnutíma.

## **VI.B Menning og listir – aðgengi innflytjenda**

#### *Veist þú um hvað stendur til boða? Ferðu á slíka viðburði?*

Meirihluti þátttakenda taldi sig vera meðvitaða um menningu og sögðust taka þátt í menningarlegum viðburðum. Þeir töldu sig einnig vera meðvitaða um mikilvægi þess að tengjast íslensku þjóðfélagi í gegnum menningartengda viðburði.

#### *Ef já, hvar færð þú upplýsingar um þá?*

Flestir þátttakenda fengu upplýsingar um menningarlega viðburði í gegnum lestur prentmiðla, á fésbókinni og á öðrum vefsíðum sem og frá öðru fólki. Fáeinir fengu upplýsingar í gegnum sjónvarpið, í sundlaugum og á bókasöfnum og í gegnum samfélög innflytjenda.

#### *Ef ekki, hvað hindrar þig í þátttöku?*

Þrjár aðalástæðurnar sem þátttakendur nefndu sem hindrun í að þeir færu á menningartengda viðburði var of hátt verð, óaðgengilegar upplýsingar eða að þær voru ekki gefnar út með nægjanlegum fyrirvara svo og skortur á tíma vegna vinnu og fjölskyldu.

## VI.C Lýðræðisleg þátttaka

*Fylgist þú með því sem er að gerast í íslensku samfélagi?*

Mörg ólík svör sem fengust við þessari spurningu. Nokkrir svöruðu játandi, aðrir töldu sig nokkuð virka á meðan meirihlutinn svaraði neitandi. Það kom einnig fram að þátttakendur eiga í erfiðleikum með að skilja stjórnsmál þar sem þeir töldu sig ekki hafa aðgang að upplýsingum: „við þurfum að læra meira um stjórnarskrána áður en við getum orðið virkir þátttakendur“.

*Kýst þú í kosningum?*

Margir þátttakendanna kjósa og sumir sögðust ætla að kjósa þegar þeir öðluðust íslenskan ríkisborgararétt. Hinsvegar gáfu þeir sem sögðust ekki kjósa upp þá ástæðu að þeir væru ekki íslenskir ríkisborgarar, væru ómeðvitaðir um kosningaréttinn, væru ekki nægilega upplýstir eða væru óöruggir í þessum málum jafnvel þótt þeir hefðu íslenskan ríkisborgararétt: „Ég kys ekki vegna þess að mér finnst það ekki vera mitt hlutverk“.

*Ferð þú á fundi? (t.d. foreldrafundi, íbúafundi, stjórnsmálafund, húsfundi)*

Sumir sögðust fara á slíka fundi á meðan einhverjir sögðust fara reglulega á fundi í skóla og kirkju. Aðrir svöruðu neitandi en voru áhugasamir um að fara á slíka fundi. Nokkrir töldu að þeir ættu að halda þannig fundi sjálfir.

*Hefur þú áhuga á þátttöku en kemur þér ekki að því? Ef já, hvað hindrar þig?*

Almennt séð svöruðu flestir að þeir væru áhugasamir um að taka þátt. Ýmsar ástæður komu fram um þátttökuleysi innflytjenda en helsta ástæðan var að þeir telja sig vera afskiptur hópur í þjóðfélaginu hvað þetta varðar „Við getum ekki tekið þátt vegna þess að við erum ekki með í umræðunni og erum ekki tekin alvarlega“, sagði einn innflytjendanna. Þeir bentu ennfremur á að tungumálaerfiðleikar hindruðu þátttöku þeirra og þyrftu að standa sig betur í þessum málum.

Þrjár tillögur komu fram um úrbætur:

- ✓ Að fjölmeningarráð ætti að leysa þetta vandamál.
- ✓ Að það ætti að vera skipulögð kynning allra stjórnsmálaflokka á stefnum sínum og starfi fyrir innflytjendur svo þeir gætu tekið upplýsta ákvörðun.
- ✓ Innflytjendasamfélögin ættu að skipuleggja þing þar sem þessum málum og öðrum yrði komið á framfæri.

## VI.D Íþróttir og tómstundir

*Veist þú hvað stendur til boða á þessu sviði? Tekur þú þátt í slíku starfi?*

Þátttakendur skiptust í tvo hópa hvað þetta varðar. Sumir þekktu vel til þessa málaflokks en aðrir ekki. Flestir fara í sund og líkamsrækt en stunda ekki aðrar íþróttir og tómstundir. Sumir nefndu knattspyrnu, þróttamennsku, göngur og klifur, danstíma, sjálfboðaliðastarf o.fl. Aðrir sögðust gjarnan vilja taka þátt í íþrótt- og tómstundastarfi en töldu að ekki væru nægar upplýsingar um slíkt fyrir fullorðna.

*Hvar færð þú upplýsingar um slíkt?*

Innflytjendur virðast að mestu leyti fá upplýsingar um íþrótt- og tómstundastarf í gegnum hópa á fésbókinni og þá aðallega þeim sem eru sérstaklega ætlaðir fyrir foreldrum innflytjenda og á vefsíður eins og Mbl.is og

Reykjavik.is. Aðrir fengu upplýsingar í gegnum vinnu, frá öðru fólki, á bókasöfnum, í skólum og gegnum samfélög innflytjenda.

*Ef þú tekur ekki þátt, hvað hindrar þig?*

Helsta ástæða þeirra sem taka ekki þátt í íþrótt- og tómsundastarfi var skortur á tíma vegna óreglulegs vinnutíma eða fjölskyldu. Því næst kom áhugaleysi og skortur á upplýsingum eins og um „það sem er í boði, hversu mikið er endurgreitt og hver er ávinningurinn“. Einnig nefndu innflytjendur að þetta væri dýrt, þeir upplifðu tungumálaörðugleika og oft væri erfitt að vera meðtekinn í hópinn. Ennfremur var menningarlegur mismunur ræddur í hópnum sem afleiðing af lítilli þátttöku innflytjenda. Annar hópur sagði frá því að sumir væru útilokaðir frá íþróttum og öðrum stöðum þar sem boðið væri upp á tómsundir þar sem “börn gætu orðið hrædd við þá” eða af því að “þeir stari of mikið á konur”.

## VI.E Fjölmiðlar

*Lest þú blöð eða skoðar vefsíður fréttamiðla?*

Meirihluti þátttakenda sagðist lesa dagblöð og vefsíður á íslensku eins og Visir.is, Mbl.is og Fréttablaðið. Sumir fara á upplestur dagblaða í borgarborgasafninu eða nota þýðingarpjónustu Google. Aðrir komu með þá tillögu að setja fréttir á netið á mismunandi tungumálum.

*Lest þú vefsíður um íslensk málefni á ensku eða pólsku t.d. á vefsíðu borgarinnar eða Informacje.is?*

Meirihluti þátttakenda svaraði þessari spurningu játandi. Næstum allir hóparnir lesa Grapevine, en aðrir nefndu Iceland Review, Informacje.is, Islandia.org.pl. og rússneskar vefsíður. Hins vegar tók hópur þátttakenda það fram að jafnvel þótt þeir myndu lesa fréttirnar væri ólíklegt að þeir fengju upplýsingar um það sem væri að gerast.

*Hlustar þú á fréttir í útvarpi?*

Þátttakendur skiptust í tvær fylkingar varðandi þessa spurningu þótt fleiri hafi svarað henni játandi. Þátttakendur hlusta á fréttir í útvarpi á meðan þeir keyra bíl og stundum í heimahúsi. Þeir sem ekki hlustuðu sögðu ástæðuna vera tungumálið.

*Horfir þú á sjónvarpsfréttir? Ef ekki hvað hindrar?*

Flestir þátttakendurnir sögðust horfa á fréttir í sjónvarpinu en ekki á hverjum degi. Þeir sem svöruðu neitandi sögðust ekki eiga sjónvarp, skildu ekki íslenskuna nægilega vel eða hefðu ekki tíma. Einn hópurinn sagði: „Það væri mjög gott að hafa enskan texta með íslensku fréttunum og við erum jafnvel til í að borga fyrir það“.

## VI.F Ríkisborgaréttur – réttindi og skyldur

*Finnst þér eftirsóknarvert að fá íslenskan ríkisborgarétt?*

Meirihluti þátttakenda sögðust hafa skotið rötum á Íslandi. Þeir eiga fjölskyldur hér og líta á Ísland sem heimilið sitt. Þetta var aðalástæðan fyrir því að þeim fannst nauðsynlegt að sækja um íslenskan ríkisborgarétt. Sérstaklega skiptir það máli fyrir innflytjendur utan EES að þeir öðlist aukin réttindi og hlunnindi við að gerast íslenskir ríkisborgarar. Að auki sögðu þeir að það myndi auðvelda þeim að ferðast til annarra landa enda flókið ferli leyfa sem þeir annars þurfa að hafa. Hópur þátttakenda spurði hvað það þýddi fyrir þá að hafa íslenskan ríkisborgarétt, en bentu síðan á að þeir sem sæktu um hann ættu að fá

borgaralega kennslu. Þeir sem ekki höfðu áhuga á að verða íslenskir ríkisborgarar sögðu það vera vegna þess þeir ætluðu ekki að búa lengi á Íslandi og aðrir vildu ekki fórna ríkisborgararétti sínum fyrir þann íslenska.

*Veistu hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að fá hann? Finnst þér skorta upplýsingar um skilyrðin?*

Meirihluti þátttakenda voru meðvitaðir um skilyrðin til þess að fá íslenskan ríkisborgararétt þótt sumir töldu listann vera ófullnægjandi á meðan aðrir sögðu engan skort vera á upplýsingum heldur væri viðhorf starfsfólks Útlendingastofnunar neikvætt.

*Finnst þér ferlið flókið?*

Meirihluti þátttakenda finnst ferlið flókið og tímafrekt auk þess sem þeim fannst það vera of dýrt, á meðan aðrir sögðu ferlið á Íslandi vera mun auðveldara en í öðrum löndum þar sem regluveldið væri of þungt í vöfum og tæknin ekki eins góð.

*Ertu með einhverjar athugasemdir við ferlið?*

Þátttakendur töldu að sum skilyrðin væru heldur óréttlát eins og til dæmis að erlendur maki Íslendinga þurfi að vera háður maka sínum á meðan hann væri látinn bíða í nokkur ár eftir ríkisborgararétti. Þetta gæti verið erfiðara fyrir erlenda ríkisborgara sem hafa ekki aðgang að sendiráðum síns heimaríkis á Íslandi. Það er þörf fyrir lögfræðiaðstoð og stuðning við flóttafólk og hælisleitendur. Nokkrar tillögur komu um úrbætur:

- ✓ Upplýsingar á mörgum tungumálum um umsóknarferlið. Sérstaklega var þetta talið nauðsynlegt fyrir innflytjendur sem jafnframt eru eldri borgarar. Upplýsingarnar ættu að vera aðgengilegar hjá fleiri stofnunum.
- ✓ Þörf er á bæklingum um ríkisborgararétt og fræðsla um borgaraleg réttindi og skyldur.
- ✓ Þörf er á upplýsingum hvert beri að leita og hvern eigi að tala við ef upp vakna spurningar varðandi ríkisborgararétt.

## VI.G Aðgengi að upplýsingum

*Hvernig viljið þið helst fá upplýsingar; á vef, í útgefnu efni, í viðtölum við ráðgjafa eða með einhverjum öðrum hætti?*

Það var almenn skoðun þátttakenda að upplýsingar ættu að vera aðgengilegar á ýmsum stöðum, t.d. á vefsíðum og á fésbókinni, í gegnum ráðgjöf og bæklingum, til þess að koma til móts við mismunandi þarfir fólks og því nauðsynlegt að þýða þær á hin ýmsu tungumál. Vefsíður eru yfirleitt ófullnægjandi þar sem þýðing yfir á ensku endurspeglar ekki íslenskuna. Aðal áhersla allra hópanna hvað þetta varðar var sú að miðstöð þyrfti að vera til staðar fyrir innflytjendur þar sem hægt væri að fá allar upplýsingar á einum stað.

*Hvaða upplýsingar viljið þið helst fá – eru mikilvægastar?*

Þrjú mikilvægustu málefni þátttakendanna voru:

- ✓ starfstengd mál: hvar atvinnu væri að fá, réttur starfsmanna, skattamál og upplýsingar um verkalýðsfélög;
- ✓ lækni- og heilbrigðisþjónusta;
- ✓ réttindi og skyldur: lögfræðiráðgjöf um málefni eins og ofbeldi.

Aðrar tegundir upplýsinga sem nefndar voru vörðuðu allskyns breytingar eða núverandi stöðu menningarlegra atburða þar sem fólk upplýsir innflytjendur með fyrirvara, upplýsingar um skólamál, málefni foreldra, samgöngumál, leyfisveitingar og sérstakar upplýsingar fyrir flóttamenn og hælisleitendur. Það kom einnig fram að þátttakendur töldu nauðsynlegt að fá áræðanlegar upplýsingar, en sú er ekki alltaf reyndin.

*Einhverjar tillögur að leiðum til að bæta upplýsingagjöf?*

- ✓ Aðal tillagan á meðal allra hópanna var sú að koma þyrfti á fót miðlægri upplýsingamiðstöð sem væri skilvirk og gagnvirk með upp færða vefsíðu á nokkrum tungumálum, þótt einhver sagði jafnframt: „Af hverju ættum við að læra íslensku þegar hægt er að fá allt á ensku?“
- ✓ Aðrir þátttakendur nefndu að innflytjendur þyrftu að vera virkari og samvinnuþýðari gagnvart samtökum innflytjenda. Þeir gætu skipulagt fleiri fundi eins og þetta þing til þess að örva umræður og ná til lykelpersóna þjóðfélagsins sem hefðu möguleika á að kynna sig á slíkum fundum.
- ✓ Fjölmenningsráð var talið hafa mikilvægu hlutverki að gegna í þessu samhengi.
- ✓ Upplýsingar eiga að vera aðgengilegar þar sem innflytjendur beina komum sínum, eins og til dæmis á strætóbiðstöðvum, vinnustöðum, Kolaportinu o.s.frv.

## VI.H Miðlun upplýsinga á milli innflytjenda

*Hvernig miðlið þið upplýsingum ykkar á milli? Eru þær upplýsingar vanalega áreiðanlegar?*

Flestir þátttakendanna sögðust deila hagnýtum upplýsingum sín á milli og gefa hver öðrum ráð, sérstaklega á meðal vina og á samskiptasíðum Vefsins. „ Stundum fær maður óvenjulegar og sérhæfðar spurningar og það er erfitt að leiðbeina fólki eða beina því á rétta staði,“ sagði einn. Þetta eru allskonar spurningar sem venjulega þarf að leiðrétta þótt aðrir staðfestu að í flestum tilfellum væru þær réttar.

*Eruð þið að borga fyrir upplýsingarnar?*

Flestir þátttakendurnir sögðust ekki borga fyrir slíkar upplýsingar en sumir bættu við að: „ það er ekki loku fyrir það skotið að borgað sé fyrir upplýsingar“ og einn hópurinn talaði um að í sumum tilfellum væri nauðsynlegt að ráða túlk.

## VI.I Hvernig er hægt að ná til fólks sem er ekki vel félagslega tengt?

*Getið þið gefið okkur ráð um það? Hvaða leiðir eru mögulegar?*

- ✓ Hægt er að vera með upplýsingamiðlun á vinnustöðum, skólum, kirkjum, háskólum, félagsmiðstöðvum, söguhringnum, menningarviðburðum og innan annarra hagsmunasamtaka eins og W.O.M.E.N sem og í sjálfboðaliðabjónustu innan ýmissa innflytjenda hópa.
- ✓ Mögulegt er að skipuleggja upplýsandi fundi.
- ✓ Hægt er að vera með tvítyngda/fjöltýngda og menningarlega frambærilega fulltrúa sem fólk á auðvelt með að treysta.
- ✓ Mögulegt er að senda tölvupóst og ná til samskiptamiðla á netinu.
- ✓ Skrifa má stuttar greinar og birta í gjaldfrjálsum dagblöðum á mismunandi tungumálum og auglýsa þannig félagslega viðburði.

## VI.J Fjölmíðlar og umfjöllun þeirra um innflytjendur

*Verðið þið vör við umfjöllun fjölmiðla um innflytjendur? Ef já, hvernig finnst ykkur hún vera?*

Algengustu svörin hjá þátttakendum í öllum hópunum var að fjölmiðlaumfjöllun sem tengdist innflytjendum hefði tilhneigingu til þess að vera neikvæð og ala á fjandskap og ótta gagnvart innflytjendum auk þess að

skapa neikvæða ímynd af þessum hóp. Rangar upplýsingar í fréttum leiði til þess að innflytjendur væru oft misskildir. Aðrir þátttakendur sögðu umfjöllun um innflytjendur vera almennt séð góða. Einnig var minnst á nauðsyn þess að fjallað væri á jákvæðan hátt um innflytjendur og að umfjöllun um þá væri byggð á breiðari grunni. Sumum þátttakendum fannst nær engin umfjöllun í fjölmiðlum um innflytjendur almennt.

*Finnst ykkur vera munur á umfjöllun um konur annars vegar og karla hins vegar?*

Sumir þátttakendanna töldu karlmenn fá neikvæðari athygli á meðan umfjöllun um konur væri jákvæðari. Sögðu þeir jafnframt að fleiri hópar og samtök væru til staðar fyrir konur. Aðrir töldu hlut kynjanna vera jafnan.

*Getum við haft áhrif á umfjöllunina? Ef já, hvernig förum við að því?*

Var það almennt álit þátttakenda að innflytjendur gætu haft áhrif á fjölmiðlaumfjöllunina með því að vera virkari. Hlutverk fjölmeningarráðs gæti til dæmis falist í að vera tengiliður innflytjenda við fjölmiðla. Myndi það hinsvegar hjálpa til ef íslenskir fjölmiðlar töluðu við innflytjendur í meira mæli í stað þess að tala um þá. „Mikilvægt er að fjölmiðlar nýti sér ekki aðeins innlendar upplýsingaveitur heldur erlendar líka,“ sagði einn þátttakandi. Væntanleg fréttavefsíða, „Vísýni“ var einnig kynnt sem á að verða upplýsingavefur fyrir Íslendinga sem og innflytjendur.

## VI.K Stofnanir – hvernig miðla þær upplýsingum?

*Geta stofnanir bætt sína upplýsingagjöf og ef já, þá hvernig?*

- ✓ Talið var vanta betri þýðingu á öllum opinberum vefsíðum sem endurspegli íslenska textann í stað úrdráttar.
- ✓ Mikilvægt er að starfsfólk búi yfir millimenningarfærni. Upplýsingaflæði frá atvinnurekendum þarf að vera stöðugt, rétt og skýrt.
- ✓ Erfitt er að finna upplýsingar á vef Reykjavíkurborgar - prófarkalestur fyrir innflytjendur er nauðsynlegur.
- ✓ Mikilvægt er að nýta starfskrafta fagmenntaðra innflytjenda.

## VI.L Félagsleg samtök tengd innflytjendum

*Gera þau gagn? Geta þau gert betur?*

Flestir töldu frjáls félagasamtök innflytjenda gera gagn þótt sumir vissu ekki um slík samtök. Frjáls félagasamtök hafa tilhneigingu til þess að vera dreifð svo þörf er á einni miðstöð þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um félögin. Mjög gagnlegt er að flest slík samtök nota fésbókina. Hins vegar þurfa þessi samtök að vinna meira saman vegna þess að margir hverjir vita ekki af þjónustu þeirra. Einhverjir þátttakendur hafa stofnað slík samtök eða eru að stofna þau.

*Ná þau til innflytjenda almennt eða bara til einhvers ákveðins hóps?*

Samtök innflytjenda ná oftast til ákveðins hóps innflytjenda.

*Er rétt að styðja betur við þau og ef já, þá hvernig?*

- ✓ Ríkið á að útvega félagasamtökum tímabundið húsnæði endurgjaldslaust.
- ✓ Stjórnvöld gætu verið með fleiri styrki fyrir frjáls félagasamtök.
- ✓ Innflytjendur þurfa að taka meiri þátt í þessum samtökum og mæla með þeim við aðra.

## VI.M Útgefið efni

Þekkið þið efni sem hefur verið gefið út fyrir innflytjendur?

Sumir hóparnir þekktu bæklinga eins og „Fyrstu skrefin“, „Ykkar réttur“, „Um móðurmálið“, og „Vinna á Íslandi“, á meðan aðrir hópar þekktu þá ekki. Meðal annars var spurt: „Eru þeir fánlegir“, „Hvar eru þeir?“, var spurt.

Vantar bæklinga um eitthvað ákveðið efni, ef já þá hvað?


Almennar upplýsingar ættu að vera aðgengilegar á einum stað. Þar ættu að vera upplýsingar um hagnýt málefni eins og til dæmis lögræðileg málefni, skattaleg og vinnutengd málefni, málefni sem varða menntun, hvernig taka eigi lán sem og heimilisföng opinberra stofnana svo eitthvað sé nefnt.

Virka bæklingar betur en vefur eða er bæði nauðsynlegt?


Báðir möguleikar eiga að vera fyrir hendi til þess að koma til móts við ólíkar þarfir innflytjenda. Bæklingum ætti að dreifa á aðgengilega staði þar sem innflytjendur venja komur sínar. Vefsíða ætti að vera til staðar eins og „Innflytjendur.is“ þar sem fólk gæti sent inn fyrirspurnir og fengið nákvæm svör.

## VI.N Skýin

Hverjum hóp var afhent ský sem var búið til úr pappír og voru hóparnir hvattir til þess að teikna eða skrifa niður bestu hugmyndirnar sem komu upp innan hópanna. Textann í heild sinni má svo finna í viðaukanum og á skýjunum hér á myndunum fyrir neðan.




Mynd 1



Mynd 2





Mynd 3

## VII Næstu Skref

Niðurstöðurnar verða kynntar fyrir mannréttindaráði og fjölmeningarráði. Í framhaldi verða þær kynntar í borgarráði og á sviðum borgarinnar. Niðurstöðurnar verða síðan kynntar á opnum fundi. Til hans verða sérstaklega boðaðir þeir sem tóku þátt í fjölmeningarþinginu ásamt fjölmiðlum. Eintök af skýrslunni verða send ráðuneytum og stofnunum á vegum ríkisins.

Í kjölfarið mun mannréttindaskrifstofa, í samstarfi við fjölmeningarráð, vinna að tillögum um úrbætur á grundvelli skýrslunnar.

## VIII Fylgiskjal

Hér má finna þær spurningar sem lagðar voru fyrir þátttakendur í fjölmeningarþinginu árið 2012 ásamt svörum hvers hóps. **Svörin eru birt eins og þau voru skrifuð af meðlimum hópsins.** Sum svörin hafa þó verið þýdd. Svörin eru flokkuð eftir tungumáli hópanna.

Enska = 4 borð

Filippseyska = 2 borð

Íslenska = 1 borð

Litháíska = 1 borð

Pólska = 2 borð

Rússneska = 1 borð

Spænska = 1 borð

Víetnamska = 1 borð

## Hópvinnna fyrir hádegi

### VIII.A Samfélagsfræðsla – hvernig virkar samfélagið, gildi, hefðir og venjur

#### VIII.A.1 Hvaða upplýsingar þarftu þegar þú kemur til landsins?

##### Enska:

- Menningarleg gildi eru mikilvæg fyrir vellíðan okkar og væri gagnlegt að hafa miðlæga stofnun sem veitir almennar upplýsingar. Skólar kenna sögu Íslands sem er mjög mikilvægt að læra.
- Einn þátttakandi talar um flóttamenn sem eru skráðir í tungumálakennslu og hafa lokið Íslensku 1, 2 og 3 en er samt sem áður vísað úr landi. „Hvers vegna er peningum varið í slíkt og hvers vegna eru þeir að eyða tíma og peningum í tungumálanám þegar þeim verður svo vísað úr landinu?“, spyr hann.
- Það er mjög mikilvægt að skilja menningu komulandsins, svo menningarleg færni er mikilvæg. Er hægt að lesa sér til um menningu, en í raun er nauðsynlegt að ganga í gegnum ferlið og kynnst henni í gegnum upplifun og reynslu.
- Öðrum manni finnst erfitt að tala um sameiginleg gildi vegna þess að við erum öll einstaklingar og deilum ekki endilega sömu gildum. Íslendingar hafa einnig menningarlegan bagga. Við erum öll mennsk og þurfum að upplifa þá tilfinningu að við tilheyrum einhverjum stað. Þessi maður er giftur Íslendingi, en hefur áhyggjur af þeim sem hafa ekki þessa beinu tengingu við menningu íslensks samfélags.
- Þegar nýr aðili kemur til Íslands ætti hann að reyna að fá eins mikið af upplýsingum um íslenska menningu og hægt er til þess að forðast menningaráfall.
- Einn maður segir Háskóla Íslands bjóða upp á námskeið fyrir útlendinga (skiptinema) - í menningarfræði, sem væri tilvalið fyrir þá sem raunverulega búa hér eða ætla sér að búa hér til langframa. Námskeiðið er kennt á ensku og tekur fyrir stóran hluta af íslenskri menningu og sögu þess.
- Eins þurfa að vera til staðar upplýsingar um hvernig sé að vera foreldri á Íslandi.
- Jafnframt þurfa að vera upplýsingar um upprunalegt samfélag.

##### Filippseyska:

- Upplýsingar um atvinnutækifæri og menntun.
- Upplýsingar um banka, t.d netbanka og allt annað.
- Fjölmeningarráð og Alþjóðahús eru mjög mikilvæg í því samhengi.

##### Litháíska:

- Upplýsingar um hvernig á að fá kennitölu og hvað á að gera ef veikindi koma upp, upplýsingar um skattakerfi, atvinnuleit, leigumarkaðinn og um hvernig mögulegt sé að læra tungumálið.

##### Pólska:

- Upplýsingar um vinnu, skráningu lögheimilis, réttindi, vefsíður, staðsetningu stofnanna, áreiðanlegar upplýsingar frá opinberum aðilum, bílpróf, upplýsingar um heilbrigðisþjónustu.
- Upplýsingar um fvernig sækja á um kennitölu, atvinnuleit og hvernig sækja eigi um vinnu, tryggingarmál, heilbrigðisþjónustu, íslenska skattaskýrslu, dvalarleyfi, læknisvottorð og almenn réttindi.

##### Rússneska:

- Upplýsingar á móðurmáli varðandi menntun, íslensku námskeið, læknisþjónustu, heilbrigðiskerfi, starfsemi bankanna og greiðslureikninga, atvinnuleit, stéttarfélag, húsnæðisleit, Vinnumálastofnun, skráningu og kennitölu, trúfélög, vinnuréttindi, öskuskírteini, menntakerfið, samfélag og samtök innflytjenda á Íslandi.

##### Spænska:

- Fólk þarfnast á bæklingum að halda þar sem fjallað er um aðgang að þjónustu, opinberri starfssemi, einkalífi og heilsu. Við þurfum á fræðslumiðstöð að halda um hvert á að leita til þess að fá upplýsingar um ýmisleg málefni. Við þurfum manneskju sem væri ábyrg fyrir því að veita

upplýsingar sem og upplýsingar um hvar slíkan aðila sé að finna. Væri hægt að nota fjölmiðla til að auglýsa staðsetningu hans.

#### Víetnamska:

- Sjónarhorn stórra fjölskyldna þarf að koma fram.
- Upplýsingar um menntakerfi barna (leikskóla og dagvistun til dæmis.).
- Upplýsingar um hvort mögulegt sé að fá styrki til náms.
- Upplýsingar þruga að vera aðgengilegar fyrir eldri borgara, margir hverjir kunna ekki á tölvur.
- Sjónarhorn einstaklinga.
- Upplýsingar um hvernig eigi að fá kennitölu, fara í læknisskoðun, öðlast menntun og gera skattaskýrslu.

### VIII.A.2 Hvernig færðu upplýsingarnar?

#### Enska:

- Á vefsíðu UTL (Útlendingastofnun).
- Í gegnum fésbókina og Reykjavik.is.

#### Filippseyska:

- Í fyrsta lagi fá þeir upplýsingar frá samlöndum sínum. Fólk af sama uppruna eru fyrstu einstaklingarnir sem geta miðlað nýliðum upplýsingum.
- Einn þátttakandinn kom til Íslands árið 1993, nánar tiltekið Ísafjarðar, þegar ástandið var mjög ólíkt því sem þekktist nú. Engar upplýsingar var að fá, en hann átti enskan maka. Þátttakendur segja upplýsingar koma frá íslenskum mökum og flæði upplýsinga því auðveldara fyrir þá.
- Þá nefndu þátttakendur Vefinni og fjölmiðla. Einn nefndi sérstaklega að hann þurfti að vera sjálfstæður og þróa sjálfsvitund og sjálfstraust til að læra að afla sér upplýsinga úr umhverfinu vegna þess að ekki væri hægt að treysta 100% á filippseyska samfélagið um upplýsingar.
- Stofnanir taka mjög vel á móti nýjum innflytjendum, tala ensku og hjálpa til við að upplýsa innflytjendur um þau réttindi sem þeir hafa sem íbúar á þessu landi. Einnig er nauðsynlegt fyrir okkur að efla sjálfsbjargarhvötina með því að vera opin gagnvart umhverfinu.
- Einn þáttalandi sagði að þegar Landspítalinn hafi ráðið filippseyskan hjúkrunarfræðing hafi hún sent sér upplýsingar, og tjáð sér skref fyrir skref, hvert hún ætti að leita þegar hún kæmi til Íslands. Hún sagði þennan tiltekna starfsmann spítalans sjá um að hafa samband við erlenda starfsmenn og upplýsa þá um starf þeirra og hvernig á að koma sér fyrir á Íslandi. Eins og er styðst hún við handbókina fyrir erlenda hjúkrunarfræðinga vegna þess að hún býr yfir yfirgripsmiklum upplýsingum fyrir innflytjendur sem eru að flytja til Íslands.
- Annar þátttakandi kvartaði yfir að hann hafi ekki fengið slíkar upplýsingar, jafnvel þótt hún sé hjúkrunarfræðingur, en hún kom til Íslands með filippseyskum maka. Hún hefur verið hér í fimm mánuði og fannst fyrst og fremst erfitt að fá upplýsingar um atvinnutækifæri sem hjúkrunarfræðingur. Hún hefur nú fengið vinnu sem aðstoðarkona hjúkrunarfræðings en verður að læra ensku til að vera viðurkennd sem hjúkrunarfræðingur.
- Gagnlegt væri að fá tækifæri til þess að læra íslensku áður en byrjað er að vinna til að vera fær um að skilja allar þær upplýsingar sem eru að mestu leyti á ensku.
- Einn þátttakandi sagðist fá upplýsingar í gegnum íslensku námskeið á vegum Námsflokkanna.
- Upplýsingar koma frá vinnustað, fjölskyldu, kunningjum og þeim sem hafa reynslu í því ferli.

#### Litháíska:

- Upplýsingar koma úr bæklingum og dreifibréfum (flugstöð og Ráðhúsinu).
- Það fer eftir persónulegum áhuga, atburðum og upplýsingaröflun.
- Einn þátttakandi segist fá upplýsingar við leit á netinu, í gegnum fólk sem hann þekkir, dagblöð og heimasíðu samtaka.
- Upplýsingar koma í gegnum þátttöku í viðburðum.

**Pólska:**

- Við fáum upplýsingar úr bæklingum og dreifibréfum, í gegnum frá vini og kunningja, vefsíður, skrifstofur, vinnuveitendur, „Útlendingar á Íslandi“, vefsíðu og fésbók Reykjavíkurborgar.
- Upplýsingar koma frá öðrum pólskumælandi innflytjendum.
- Í gegnum Vefinn.
- Í gegnum spjallrásir á Vefnum.
- Þær hefðu komið frá fjölskyldu.
- Einn maður sagði að þær hefðu komið frá manneskjunni sem hjálpaði sér að flytja til Íslands.
- „Með því að spyrja beint á opinberum stofnunum“, sagði einn.

**Rússneska:**

- Upplýsingar koma úr bæklingum frá Útlendingastofnun, í gegnum Vefinn, í skóla fyrir útlendinga, úr Þjóðskránni og upplýsingabæklingum og þá fá margir upplýsingar með því að spyrja vini.

**VIII.A.3 Hvernig má bæta upplýsingagjöfina?****Enska:**

- Með því að læra af mistökum og reynslu.
- Með hnitmiðaðri upplýsingum fyrir þá sem lesa ekki langan texta eða skilja ekki ensku vel.

**Filippseyska:**

- Betra væri að hafa upplýsingar eða bæklinga á ensku eða okkar eigin tungumáli.
- Einnig væri betra að hafa nóg af upplýsingum á flugvellinum eða bæklingum til þess að vita hvert á að fara til þess að fá skjöl og umsóknareyðublöð. Við vonumst til þess að hægt verði að fá aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum á einum stað frekar en að þær séu dreifðar vítt og breytt.

**Íslenska:**

- Með sameiginlegri þjónustu fyrir innflytjendur á höfuðborgarsvæðinu því mikilvægt er að raddir þeirra heyrist sem búa í nágrennasveitarfélögum. Fjölmeningarráð ætti að vera sameiginlegt fyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.
- Samfélagsfræðsla er nauðsynleg, jafnvel mætti skylda innflytjendur í samfélagsfræðslu, því að þekkingu réttindi sín og skyldur er afar mikilvægt. Einstaklingur sem þekkir ekki rétt sinn er í viðkvæmri stöðu og auðvelt er að notfæra sér vanþekkingu hans.
- Það vantar stað eins og Alþjóðahús.
- Vinnustaðir eiga að senda erlenda starfsmenn í íslenskunám í vinnutímanum. Stuðningur í skóla við börn innflytjenda sem hafa íslensku sem annað mál er mikilvægur. Samhliða íslenskunámi má viðhafa samfélags- og menningarfræðslu.
- Fyrstu upplýsingar eru mikilvægar þannig að innflytjandi finni strax stað þar sem hann fær upplýsingar. Samstarf milli innflytjenda, samstarfsmanna og atvinnurekenda þarf að vera til staðar. Fyrstu upplýsingar þegar komið er til landsins þurfa að vera fyrir hendi, og í því sambandi eru bæklingar eru mikilvægir.
- Þeir sem hafa lært að búa á Íslandi eiga að vera til ráðgjafar um hvað vantar og hvernig á að standa að upplýsingagjöf og fræðslu. Það vantar miðstöð fyrir útlendinga eins og hlutverk Alþjóðahúss var. Við flutning til landsins þarf að fara á marga staði til þess að fá upplýsingar. Það á að vera hægt að fara á einn stað og rekja sig þaðan.
- Það vantar verkferla í stjórnarsýslunni varðandi innflytjendur í sérstöðu, t.d. þá sem sækja um skóla og hafa annan námsbakgrunn en hefðbundinn er.

**Litháíska:**

- Uppfæra á upplýsingar og kynningar eða fundir geta verið eftir vinnutíma.
- Ekki eru til nein upplýsingakerfi.
- Frekari upplýsingar á heimasíðu samtaka þurfa að vera til staðar.

- Styðja þarf við samtök með því að veita þeim upplýsingar.
- Aukin samskipti milli samtaka og sveitarstjórnar eru mikilvæg.
- Tilvísanir á heimasíðu sveitarfélaga sem benda á upplýsingar á litháísku þurfa að vera til staðar.
- Upplýsingar um atburði og pólitík í Litháen eru mikilvægar.
- Jákvæð hugsun þarf að vera til staðar.

#### Pólska:

- Upplýsingamiðstöð fyrir útlendinga í Reykjavík er mikilvæg svo og uppfærð og nútímaleg vefsíða með upplýsingum fyrir innflytjendur og upplýsingar um fundi og námskeið, fá pappíra með leiðbeiningum frá Þjóðskrá, aukið samstarf í gegnum kirkjuna og upplýsingabás í Kolaportinu þarf að vera til staðar.
- Upplýsingar eiga að vera skýrar og uppfærðar. Við fáum mjög oft ólíkar upplýsingar eða jafnvel rangar eftir því hvert er leitað.
- Fólk ætti að deila upplýsingum í meira mæli.
- Upplýsinga gagnasöfn helstu skrifstofa fyrir innflytjendur ættu að vera tengdar.

#### Rússneska:

- Stuðning þarf til að búa til eina vefsíðu á rússnesku.

#### Spænska:

- Þörf á auknum stuðningi við fjölmenningsráð frá Reykjavíkurborg og öðrum stofnunum. Við þurfum virðingu fyrir fjölbreytileika og að skoðanir okkar séu virtar.

#### Víetnamska:

- Þörf er á einhvers konar miðstöð sem er aðgengileg fyrir báða aðila sem vilja fá upplýsingar eða til að ná í hvorn annan.
- Staður þar sem fólk getur hringt og fengið upplýsingar á eigin tungumáli og mætt í ráðgjöf.
- Vefsíða með upplýsingum um allt ferli innflytjenda, hvað þarf að gera við komuna til landsins, hvert á að fara til að fá kennitölu og skrá lögheimili sitt?
- Fólk er yfirleitt sagt að sækja þetta og hitt skjal en ekki gefnar nákvæmar upplýsingar um hvar þau séu að finna.
- Upplýsingarnar eru til staðar, en fólk þarf að fá upplýsingar um hvar þær eru. Það á ekki að komað í gegnum Útlendingastofnun heldur á hvert sveitarfélag að hugsa um sinn hóp.
- Staðurinn verður að vera aðgengilegur fyrir alla.
- Þörf er á vegvísni sem er skemmtilegur og ekki of formlegur. Gæti verið teiknimynd eða stutt myndskreið til að leiðbeina fólk um hvað það á að gera.
- Upplýsingar eru til staðar á fésbókinni. Þó nokkrir vita þó ekki um þeim möguleika.
- Hægt er að dreifa greinum á eigin móðurmáli sem er svipað og Grapevine (vinna með öðrum þjóðernum og hver þjóð getur dreift greinum á sínu móðurmáli).

## VIII.B Menning og listir – aðgengi innflytjenda (söfn, tónleikar, bíó,leikhús,danssýningar)

### VIII.B.1 Veistu hvað stendur til boða?

#### Enska:

- Já
- Já, ef það er vel sett fram og ef þú ert vel að þér í útgáfumálum eða hefur aðgang að enskumælandi íslendingum.

#### Filippseyska:

- Við vitum af stöðum eins og Hörpu, Borgarbókasafni, Þjóðleikhúsinu, Náttúrugripasafninu, Listahúsinu, Árbæjarsafni og Listasafninu.

**Íslenska:**

- Upplýsingar um viðburði í blöðunum, margt hefur lagast til dæmis Grapevine o.fl.
- Þörf er á að hvetja stofnanir og fyrirtæki sem auglýsa menningarviðburði að vera með texta á nokkrum tungumálum um hinar ýmsu upplýsingar.
- Hægt er að fara á bókasöfn og fá aðstoð við að lesa blöð um menningarviðburði.
- Mögulegt er að læra á samfélagið í gegnum listir, heimsóknir á söfn o.s.frv.
- Fólk sækir ekki staði eins og Kjarvalsstaði.
- Koma þarf á fót menningartengdri íslenskukennslu þar sem skipulagðar eru ferðir á listasöfn, t.d væri hægt að kenna að gúggla Laxness á pólsku svo eitthvað sé nefnt.
- Innflytjendur hafa mismikinn áhuga á listum og menningu. Þörf er á stað þar sem innflytjendur geta farið á og tekið þátt í listköpun. Hvert á að fara í mósaík eða listmálun? Það eru margar tegundir af list og listasöfnum sem þarf að upplýsa innflytjendur um.

**Litháíska:**

- Alls konar menningarviðburðir eru fyrir hendi (leikrit, kvikmyndir, tónleikar, sýningar, hátíðar, kaffihús).

**Pólska:**

- Upplýsingar koma með of stuttum fyrirvara fyrir þá.
- Þeir sem vilja finna upplýsingar um menningarviðburði. „Air Waves“, „Off Venue“, Safnanótt, opnir viðburðir, viðburðir með frían aðgang, bíó með enskum texta eða enskumælandi bíómyndir standa okkur til boða.

**Rússneska:**

- Já.

**VIII.B.2 Ferðu á slíka viðburði?****Enska:**

- Já.
- Já, mikilvægt er að blanda geði við Íslendinga til þess að kunna að meta svona viðburði.

**Litháíska:**

- Já, leikhús og kvikmyndir.

**Pólska:**

- Ef maður hefur frítíma fyrir þá.
- Oft kosta þeir of mikið.
- Tungumálhindranir standa í vegi t.d varðandi leikhús.
- Upplýsingar og auglýsingar berast koma of seint.
- Í heildina séð er svarið já en eldra fólk stundar almennt ekki menningarlíf.

**Rússneska:**

- Einn þátttakandi sagði að stundum vissi hann hvað stendur til boða en ekki alltaf.

**VIII.B.3 Ef já, hvar færðu upplýsingar um þá?****Enska:**

- Á bókasafni og í dagblöðum.
- Ég fæ þær frá frá fólk og öðrum innflytjendum og í gegnum auglýsingar og plaköt.

**Filippseyska:**

- Þátttakendur fá upplýsingar í gegnum prentað efni og í sjónvarpi.
- 1. Þátttakandi segir Fréttablaðið vera mikilvægt tæki til þess að finna menningarviðburði þar sem það er ókeypis og borið út á hvert heimili.

- 2. Þáttakandi segist finna upplýsingar í gegnum Vefinn, almenningsbókasöfn og Iceland Review og fréttu vefsíðu á ensku.
- 3. Þáttakandi segist fá upplýsingar frá ferðamönnum (er meðlimur í brimbrettaklúbbnum Sófanum) og öðrum Filippseyingum.
- 4. Þáttakandi fær upplýsingar frá filippseyska samfélaginu.
- Þeir sem starfa hjá Reykjavíkurborg fá menningarkort sem veitir afslætti og stundum ókeypis aðgang.

**Litháíska:**

- Við fáum upplýsingar í gegnum fésbókina, auglýsingar í dagblöðum, sjónvarpið, kunningja. Persónulegur áhugi er til staðar að leita eftir upplýsingum.

**Pólska:**

- Við fáum upplýsingar í gegnum fésbókina, Midi.is, Fréttablaðið, Mbl.is, Grapevine, Informacje.is, vini og kunningja.

**Rússneska:**

- Í gegnum fésbókina, rússneskar samskiptasíður á netinu, bæklinga á bókasöfnum, dagblöð fyrir útlendinga.

**Víetnamska:**

- Upplýsingar eru til staðar á fésbókinni og í dagblöðum.
- Námskeið og í sundlaugum, til dæmis.

**VIII.B.4 Ef ekki, hvað hindrar þig í þátttöku?****Enska:**

- Leti við að lesa auglýsingar í íslenskum blöðum.
- Stundum er erfitt að fá pláss fyrir barnavagna á slíkum viðburðum.

**Filippseyska:**

- Vinnutími er helsta ástæðan fyrir því að Filippseyingar hafa ekki efni á þeim „lúxus“ sem leikhús og söfn eru. En þetta snertir einnig sjálfsbjargarviðleitni hjá fólki.
- Það er mjög erfitt að fara á menningarlega viðburði vegna þess að flæði upplýsinga er ábótavant. Stundum er aðgangseyrir hádyr.
- Vefsíða fyrir filippseyska samfélagið ætti að vera til staðar til þess að Filippseyingar geti aflað sér upplýsinga um viðburði. Eins væru mögulegt að hafa aðgang að [www.reykjavikurborg.is](http://www.reykjavikurborg.is) og fésbókarsíðu á filippseysku eða fá upplýsingar í skólanum (leik-, grunn- og háskóla).

**Litháíska:**

- Tungumálaerfiðleikar, verð, skortur á tíma eru gefnar upp sem hindranir.

**Pólska:**

- Skortur á tíma, peningum eða aðrar skyldur eru hindranir. Stundum vantar heimilisfang viðburðarins. Leti er líka stundum ástæðan.

**Rússneska:**

- Tímaskortur, of dýrt eða skortur á upplýsingum eru gefnar sem ástæður

**Víetnamska:**

- Það er breytilegt eftir því hvort viðkomandi talar íslensku eða ekki. Þeir sem tala íslensku fá upplýsingar úr dagblöðum.
- Bómyndir eru ekki textaðar.
- Það gætu verið upplýsingar á bókasöfnum og söfnum svo og sýningum en þetta þarf að vera aðgengilegt.

## VIII.C Lýðræðisleg þátttaka

### VIII.C.1 Fylgist þú með því sem er að gerast í íslensku samfélagi?

#### Enska:

- Eitthvað.
- Nei, ég hef ekki kapal sjónvarp eða útvarp í augnablikinu.

#### Filippseyska:

- Einn þátttakandi segist fylgjast með stjórnarskrárbreytingum en innflytjendur þurfa að læra meira um stjórnarskrána áður en þeir við geta tekið þátt í þessum breytingum.

#### Litháíska:

- Vantraust er til staðar á opinberum stofnunum.
- Ég hef áhuga á pólitík og afla upplýsinga í fjölmiðlum.

#### Pólska:

- Já, eins mikið og ég get.

#### Rússneska:

- Nei, oftast vegna takmarkaðrar tungumálakunnáttu. Innflytjendur taka ekki þátt í pólitík og skortur er á upplýsingum um atburði.

#### Spænska:

- Já.

### VIII.C.2 Kýst þú í kosningum?

#### Litháíska:

- Skortur er á upplýsingum um litháísku kosningarnar.

#### Enska:

- Einn maður sagðist kjósa því hann væri íslenskur ríkisborgari. Skortur er á upplýsingum til innflytjenda, til dæmis í sjónvarpi og í augnablikinu eru prófkjör í gangi hjá stjórnmalaflokkunum, „en hversu margir vita af því? Er fólk skráð í stjórnmalaflokka?“ spyrh hann. Fjölmiðlar veita ekki slíkar upplýsingar á öðrum tungumálum en ensku.
- Sumir kjósa aðrir ekki.
- Ég mun örugglega kjósa þegar ég hef réttinn til þess.

#### Filippseyska:

- Já, segja allir utan einn: "Ég tek ekki þátt vegna þess að mér finnst eins og það sé ekki mitt hlutverk."
- Við kjósum, en flestir Filippseyingar gera það ekki vegna þess að þeir eiga erfitt með að skilja ensku, svo þeir missa áhugann á því að kjósa.
- Sumir eiga erfitt með að kjósa vegna þess að þeir vita ekki um hvað atkvæðagreiðslan snýst því það hefur ekki verið útskýrt og upplýsingar um það hafa ekki verið þýddar á ensku eða á okkar tungumáli.

#### Íslenska:

- Margir innflytjendur kjósa ekki né mæta á húsfundi og finnst það ekki mikilvægt. Hvað hindrar helst? Kannski óöryggi, jafnvel fjandsamlegt viðmót frá nágrönnum.
- Innflytjendum er kennt um lélegan umgang o.fl. Fólk veit ekki hvort það má kjósa eða ekki. Það þarf að fræða það um stjórnmal og kosningarétt.
- Leigjendur er ekki með atkvæðisrétt í húsfélögum.

#### Pólska:

- Kjósum ekki ef við erum ekki ríkisborgarar á Íslandi.



**Rússneska:**

- Nei, vegna skorts á upplýsingum á rússnesku. Ekki nógu mikil kosningabarátta til staðar.

**Spænska:**

- Jú, við kjósum en sumir hafa ekki enn fengið kosningarétt.

**Víetnamska:**

- Upplýsingar skortir fyrir fólk sem skilur ekki íslensku né ensku. Fólk þekkir ekki atkvæðisrétt sinn og stefnur stjórnmalaflokkanna.
- Innflytjendum ætti að vera boðið á fræðslufundi ekki aðeins hjá stjórnmalaflokkunum, heldur ætti þeim að vera gert mögulegt að fræðast á hlutlausan hátt. Þannig getur fólk fengið upplýsingar og kosið á upplýstan hátt.
- Innflytjendur þekkja ekki réttindi sín.
- Upplýsingar þurfa að ná til yngri kynslóðarinnar líka. Veita þarf upplýsingar til barnanna sem geta svo upplýst foreldra sína.

**VIII.C.3 Ferðu á fundi? (t.d. foreldrafundi, íbúafundi, stjórnmalafundi, húsfundi)****Enska:**

- Flestir eru áhugasamir. Spurningin er sú hversu mikið við getum tekið þátt í þessu.
- Ekki í þetta sinn, en í framtíðinni væri hægt að skipuleggja viðburð byggða á þessari hugmynd.

**Litháíska:**

- Einn þáttakandi sagðist að taka þátt.
- Það fer eftir persónulegum áhuga, sagði annari.
- Það vantar fría túlkabjónustu á fundum.

**Pólska:**

- Já, til dæmis á hverfisfundum.

**Rússneska:**

- Nei vegna skorts á upplýsingum á rússnesku.

**Spænska:**

- Já!!

**VIII.C.4 Hefur þú áhuga á þátttöku en kemur þér ekki að því? Ef já hvað hindrar þig?****Enska:**

- Það getur verið erfitt að fá viðeigandi upplýsingar og það yrði mjög jákvæð breyting ef ráð væri gert fyrir innflytjendum í lýðræðisferlinu.
- Flestir vilja fylgja lýðræðisþróuninni, en tungumálið er helsta hindrunin þar á.

**Filippseyenska:**

- Við ættum að skipuleggja annað „Lets talk þing“ fyrir Filippseyinga á Íslandi og búa til einsskonar ráð sem yrði upplýst um nauðsynleg mál sem það gæti komið á framfæri við yfirvöld. Fulltrúi gæti síðan verið rödd Filippseyinga.
- Allir Filippseyingar á Íslandi ættu að taka þátt í þingi sem þessu. Við verðum að gera betur!
- Flestir eru virkir á einhverju sviði eins og í kirkju- og skólstarfi en ekki á stjórnmalasviðinu.
- Við sækjum ekki fundi vegna þess að við erum ekki með í umræðunni og þekkjum því ekki umræðuefnið. Stundum erum við hunsuð af Íslendingum.

**Litháíska:**

- Skortur er á upplýsingum um kosningar á litháísku.
- Tungumálaerfiðleikar eru nefndir sem ástæða.
- Áreiðanleiki upplýsinga opinberra aðila er ekki til staðar.

**Pólska:**

- Já, tungumálakunnáttan hindrar þátttöku.

**Rússneska:**

- Það er vilji til þess, en við tókum ekki þátt vegna þess að okkur líður ekki sem við séum hluti af íslensku samfélagi. Okkur skortir upplýsingar á rússnesku.

**Spænska:**

- Íslendingar eru hræddir við innflytjendur. Við erum ekki tekin nógu alvarlega og jafnvel þótt við höfum háskólagráðu líður okkur eins og okkur sé mismunað fyrir að vera ekki Íslendingar. Það er mjög erfitt að berjast gegn þessum fordómum. Við þurfum betri löggjöf og nefnd sem skipuleggur samþættingu og getur einnig beint tillögum okkar í þingið.
- Fjölmeningarráð þarfnast raunverulegra áhrifa frá fulltrúum sínum. Þessir hópar njóta ekki stuðnings. Námskeið þyrfti um hvernig eigi að efla fjölmeningarlega samræðu. (fjölmeningarráð).
- Jafnvel þótt innflytjendur hafi skipulögð samtök hafa þeir ekki verið teknir alvarlega.
- Við verðum að breyta þessu í menningunni. Lagasetning er ekki nóg. Það er sálfræðilega erfitt að verða hluti af samfélaginu.

**VIII.D Íþróttir og tómstundir (t.d. íþróttir, námskeið, kóræfingar, dans)****VIII.D.1 Veist þú hvað stendur til boða á þessu sviði?****Enska:**

- Já, við erum upplýst í vinnunni um suma hluti.
- Sumir vita ekki hvert á að leita.
- Mikið af upplýsingum um þessa hluti er fenginn frá öðru fólki.
- Upplýsingar koma frá maka. Erfitt að fá upplýsingar frá öðrum en maka nema þegar um sundlaug er að ræða!
- Erfitt að fá upplýsingar á netinu.
- Það er vandi að finna upplýsingar um íþróttir til dæmis borðtennis.
- „Í burtu að heiman“ hópurinn á netinu er helsta upplýsingaveita margra.
- Samtök og stofnanir eru ábyrg fyrir því að veita upplýsingar um tómstundir, en ekkert svæði á að skilja útundan – þessar upplýsingar eiga ekki aðeins að vera til staðar í Reykjavík. Ein manneskja bjó í Keflavík þar sem hún stundaði líkamsrækt og spilaði fótbolta en henni var meinað að stunda þetta. Tuttugu og fimm manns skrifuðu til innanríkisráðuneytisins og kvörtuðu yfir þessu en ráðuneytið kom með lélega afsökun og gerði ekkert í því. Ein manneskjan spurði um ástæðu þess að þau væru útilokuð frá líkamsræktinni og var svarað að þau horfðu of mikið á konurnar. Sumir hafa því ekki sjálfsgöðan aðgang að slíku. Fólk mætir hindrunum við að spila fótbolta og er sagt að krakkarnir gætu orðið hrædd við þau!
- Aðrir segjast nota sundlaug og líkamsræktarstöð í nágrenninu.
- Ein þátttalandi segist nota sundlaugarnar og að auðvelt sé að finna upplýsingar um þær á vefsíðum en annað sé upp á teningnum þegar kemur að jóga og öðrum íþróttum sem er erfiðara að fá upplýsingar um.
- Annar þátttakandi segist nota sundlaugar og heitu pottana.
- Flest okkar vita um sundlaugarnar.
- Ein er í salsa hóp og önnur í kór.

**Filippseyska:**

- „Hvaða tómstundir eru í boði? Mig langar í zumba tíma en veit ekki hvert ég á að leita“, sagði einn þátttakandi.

- Það er sægur af upplýsingum á Reykjavikurborg.is, margmiðlun, í skólum, bókasöfnum, (t.d. Borgarbókasafni í Gerðubergi), kirkjum, vinnustöðum og einnig fáum við upplýsingar frá öðru fólki.

**Íslenska:**

- Félagsleg þátttaka og aðlögun stendur okkur til boða. Mikilvægt að gera sér grein fyrir því að til að vera virkur þátttakandi í samfélaginu félagsleg þátttaka lykilatriði.
- Í sumum samfélögum þekkt félagsleg þátttaka ekki, t.d. í Póllandi og Tælandi. Fólk hittist heima hvert hjá öðru og félagsstarf er óþekkt eða lítið. Nauðsynlegt er að virkja fólkið og skoða málin. Krakkarnir detta út úr félagslegri þátttöku. Þau leika sér öðruvísi og ekki er hægt að tala við þau.
- Börnum er oft ekki sinnt á réttan hátt, jafnvel sett til hliðar.
- Viljinn er oft til staðar en hindranir eru í veginum, stundum landfræðilegar eða vegna vanþekkingar. Fólk veit sjaldnast af fristundakortinu og . útlendingar komast oft ekki inn í lið eins og til dæmis ei í fótbolta, Africa United er dæmi um fótboltafélag þar sem útlendingar spila saman. Það þarf að byrja á toppnum og fræða.
- Íþróttahreyfingin sýnir vilja.

**Litháíska:**

- Skortur er á upplýsingum fyrir fullorðna hópa.

**Pólska:**

- Já.

**Rússneska:**

- Íþróttaviðburðir, handbolti, sund, dans, Aikido, jóga, og ræktin.

**Spænska:**

- Ég veit aðeins hvað stendur okkur til boða í Reykjavík, og þá aðallega líkamsrækt og sund. Þú verður að hafa áhuga.
- Sumir hafa tekið þátt en frekar lítið.
- Ég veit um tilboð, en nota aðeins sundlaugarnar.
- Allir fara í sund.

**VIII.D.2 Tekur þú þátt í slíku starfi?****Enska:**

- Já, ég fer í gönguferðir, pool, borðtennis og spjaldleikjum. Börnin stunda fótbolta, sumir fullorðnir fara í fótbolta með vinum, eru í þrjónaklúbbum, líkamsrækt, sjálfboðaliðastarfi, fjallgöngum.
- Já, skák og sund.
- Sjá að ofan.

**Filippseykska:**

- Nei, að mestu leyti.
- Aðeins einn þátttakandi er á námskeiði. Að mestu leyti dans, hiphop, zumba, og jazz ballett.

**Litháíska:**

- Ég tek þátt, en ekki mikið.

**Pólska:**

- Já, líkamsrækt og jóga.

**Rússneska:**

- Já, ég tek þátt.

**VIII.D.3 Hvar færðu upplýsingar um slíkt?****Enska:**

- Á fésbókinni, Vefnum, frá öðru fólki / á vinnustað. Margir stofna sinn eigin hóp vegna þess hversu erfitt er að fá upplýsingar.
- Einn þátttakandi segist finnast innst eins og formlegar upplýsingaveitur vanti.
- Á Vefnum, á ýmsum fyrirlesturum, í skólum eða háskólum og frá öðru fólki.

**Litháíska:**

- Upplýsingar fyrir börn eru aðgengilegar í gegnum skóla.

**Pólska:**

- Já, Ja.is, Mbl.is, Visir.is, Informacje.is.

**Rússneska:**

- Frá vinum okkar, í skólanum, á vinnustöðum, hjá rússneskum samtökum.

**Spænska:**

- Á Vefnum eða með því að tala við fólk þegar maður á annað borð talar íslensku.

**VIII.D.4 Ef þú tekur ekki þátt, hvað hindrar þig?****Enska:**

- Skortur á upplýsingum á viðeigandi tungumáli.
- Erfitt að vera samþykktur í hópum.
- Einn þátttakandi spyr: „Hvar finna innflytjendur upplýsingar um sjálfböðastarf?“ Hann segist spyrja fésbókarhópinn „Að heiman“
- Annar þátttakandi talar sem foreldri, en af fjárhagslegum ástæðum velur hún að leyfa syni sínum að sækja gítartíma en ekki aðrar tómsundur vegna tímaskorts.

**Filippseyska:**

- Einn þátttakandi spyr: „Hvað er í boði? Mig langar að læra zumba, en veit ekki hvert ég á að fara“.
- Fjárhagur innflytjenda er oft bágur. Menningarlegur mismunur getur einnig hindrað innflytjendur í að taka þátt í tómsundum. Flestir innflytjendur mismuna sjálfum sér.
- Námskeiðin eru dýr og sumir hafa ekki áhuga.
- Óreglulegur vinnutími er ástæða fyrir lítilli þátttöku.
- Skortur á upplýsingum hindrar þátttöku eða ekki næst til okkar!
- Ástæður að innflytjendur taka ekki þátt í tómsundum er að fólk setur vinnuna í fyrsta sæti, skortir peninga og tíma, tungumálið hindrar og svo eru annir vegna fjölskyldu.

**Litháíska:**

- Einn þátttakandi spyr: „Hvað er í boði fyrir fullorðna, hvað er endurgreitt og hversu háar eru bæturnar? Það vantar upplýsingar á einn stað.“
- Íþróttir eru of dýrar (félagsgjöld og föt) og bætur eru lélegar.
- Persónuleg áhugi hefur með þetta að segja.

**Pólska:**

- Leti, lítill áhugi, lítil hvatning, skortur á upplýsingum.

**Rússneska:**

- Kostnaður, skortur á tíma.

**Spænska:**

- Vinna, við höfum ekki mikinn tíma fyrirtómstundir.
- Skyldur.

## VIII.E Fjölmiðlar – hvernig ná innflytjendur að fylgjast með?

### VIII.E.1 Lest þú blöð eða skoðar vefsíður fréttamiðla?

#### Enska:

- Já, t.d Mbl.is, sjónvarpsfréttir og Fréttarblaðið. Prentuð eintök eru góð.
- Já, en ekki í upphafi. Fréttalestur kom með auknum orðaforða.
- Já, lesum fréttir á bókasafni.
- Já, margir lesa fréttir á Vefnum með hjálp þýðingarþjónustu Google. Hún er betra en ekkert.
- Flestir reyna að lesa blöðin.
- Eins konar „fréttanetvarp“ myndi gera gagn.
- Lokuð dagsskrá í sjónvarpinu á íslensku myndi hjálpa okkur að læra íslensku.
- Mbl.is er skrifað á erfiðri íslensku, en flestir skoða vefsíðuna. Vísir er á auðveldari íslensku en margir innflytjendur skoða ekki þá vefsíðu. Hönnun Mbl.is er betri og hugsanlega er það skýringin (bæði á netinu og í prentaðri útgáfu).
- Það væri frábært að fá dagblaðið „Folk“ á mörgum tungumálum sem reykjavíkurráð gæfi út.
- Mjög oft eru staðreyndir um innflytjendur rangar í dagblöðunum, en mistökin eru ekki leiðrétt. Léleg sannprófun staðreynda. Stöðugt verið að nefna þjóðerni innflytjenda án þess að nauðsynlegt sé. Þetta gerir hlutina erfiðari fyrir innflytjendur. Umboðsmaður innflytjenda þyrfti að vera til staðar. Nauðsynlegt er að hafa fjölmiðlaráð til þess að koma kvörtunum á framfæri þegar þeirra eigin siðareglur eru brotnar.
- Við notum Vísir mikið. Fólk fær einnig upplýsingar frá sínum eigin löndum.
- Einn þátttakandi segist hlusta á fréttir og horfa á sjónvarp (sá hefur verið hérna í 18 ár).
- Annar þátttakandi segist lesa Grapevine.
- Við lesum Grapevine og einnig er gott að fylgjast með því á fésbókinni og gera athugasemdir við fréttirnar. Mbl.is þýðir sjálfkrafa. Margir eiga íslenskan maka sem hjálpar þeim við lesturinn. Einnig er gott að nota íslensku fréttirnar til þess að æfa sig í íslensku.
- Já, bæði dagblöð og fréttir á netmiðlum.
- Já, vefsíður og Grapevine. Ég les fréttir á netinu.

#### Filippseyska:

- Við fáum upplýsingar í gegnum dagblöð, sjónvarp, samskiptamiðla og samstarfsmenn.

#### Íslenska:

- Sjónvarpið er mjög vannýttur miðill. Umræðuþættir um innflytjendamál með þátttöku innflytjenda væri tilvalinn vettvangur fyrir umræður.
- Innflytjendur eru ósýnilegir í fjölmiðlum, en þeirra álit á þjóðmálum skiptir máli. Ef ekki er tekið mið af lýðræðislegum breytingum í landinu missa stjórnámálamenn völd.
- Fréttayfirlit á ýmsum tungumálum er nauðsynlegt. Fólk veit oft ekki hvað er í gangi í landinu, t.d. frétti ekki af eldgosinu í Eyjafjallajökli fyrr en eftir marga daga. Kreppan var í fréttum í heimalöndum innflytjendanna og þaðan fengu þeir fréttir af henni.
- Reykjavíkurborg gæti sett upplýsingar inn á „What’s on“ sem væru gagnlegar fyrir innflytjendur jafnt sem ferðamenn.

#### Litháíska:

- Ég les dagblöð á Vefnum, t.d, Vísir.is.

#### Pólska:

- Ég les Fréttarblaðið, Informacje.is og Vísir.is.

- Einn þátttakandi segist styðjast aðallega við íslensku en einnig fylgjast með textanum.

**Rússneska:**

- Já en ekki allt.

**Spænska:**

- Þátttakandi 1: Ég tala ekki íslensku en fæ Iceland Review mánaðarlega á ensku.
- Þátttakandi 2: Ég hef ekki mikinn áhuga á fréttum en afla þeirra sem ég hef áhuga á, en í gegnum fjölskylduna frétti ég einnig ýmislegt.
- Þátttakandi 3: Hún les stundum Fréttablaðið, en eiginmaður hennar upplýsir hana af og til.
- Þátttakandi 4: Vegna starfs míns verð ég að fylgjast vel með svo ég ver 1-2 tímum á dag í að afla mér fréttu um Ísland sem og það sem er að gerast á alþjóðlegum vettvangi.
- Þátttakandi 5: Ég reyni að lesa fréttir til þess að fylgjast með en einnig til þess að æfa mig í íslensku.

**VIII.E.2 Lest þú vefsíður um íslensk málefni á ensku eða pólsku t.d. á vefsíðu borgarinnar eða Informacje.is**

**Enska:**

- Ég les Grapevine og Iceland Review.
- Við lesum vefsíður en ekki endilega til þess að afla okkur upplýsinga um það sem við þörfnumst heldur til þess að fylgjast með því sem er að gerast.
- Já, makinn er mjög vel inn í fréttunum.
- Lestu Grapevine? Já, við gerum það öll.

**Filippseyska:**

- Já við hlustum á fréttir og lesum þær líka.

**Litháíska:**

- Iceland Review. Lestu Grapevine? Ég er að lesa það.

**Pólska:**

- Já, Informacje.is og Islandia.org.pl

**Rússneska:**

- Já en ekki allt. Ég les upplýsingar á rússneskum síðum.
- Lestu Grapevine? Já, við gerum það flest.

**Spænska:**

- Mbl.is á ensku, Iceland Review á ensku og Grapevine.
- Lestu Grapevine? Já allir lesa það, enda er það stundum mjög áhugavert, en innihaldið skiptir máli.

**VIII.E.3 Hlustar þú á fréttir í útvarpi?**

**Enska:**

- Það eru fáir sem gera það.
- Einn hlustar ekki á útvarp því hann á ekki tæki, en hann les fréttir í tölvunni, t.d Mbl.is á ensku. Hann flettir Fréttablaðinu og les það sem honum finnst áhugavert, kíkir t.d á mynststöðuna. Núna er Mbl.is komið á ensku.
- Sumir og sumir ekki. Skortur á skilningi er til staðar til að geta hlustað á útvarp.
- Já, það gerum við öll.

**Litháíska:**

- Bylgjan og RÚV.

**Pólska:**

- Já, aðallega þegar við keyrum bíl.

**Rússneska:**

- Nei.

**Spænska:**

- Já, aðallega í bílnum, s.s.viðtalsþætti – og stundum heima.

**VIII.E.4 Horfir þú á sjónvarpsfréttir?****Enska:**

- Já, sjá í texta að ofan um skjávarpið.
- Í háskólanum hvetja sumir kennarar nemendur til þess að horfa á ákveðna þætti til þess að fylgjast með og æfa sig í íslensku.
- Icenews og Fréttablaðið. Það væri mjög gott ef það væru fréttir á ensku á fjölskyldutíma þegar öll fjölskyldan situr fyrir framan sjónvarpið.
- Ensk stöð með íslenskum texta þyrfti að vera til staðar.
- Nei, flestir gera það ekki.

**Litháíska:**

- Já, fréttir og Kastljós á RÚV.

**Pólska:**

- Já, en margir horfar ekki á íslenskar fréttir.

**Rússneska:**

- Já, en ekki allt.

**Spænska:**

- Já, stundum.

**VIII.E.5 Ef ekki, hvað hindrar?****Enska:**

- Sumir eiga ekki sjónvarp.
- Nei, við erum ekki með aðgang að því.

**Filippseyska:**

- Það sem hindrar fyrst og fremst er tungumálið. Við eigum erfitt með að skilja fréttirnar.

**Pólska:**

- Engar hindranir eru til staðar

**Rússneska:**

- Ekki er fullnægjandi þekking á tungumálinu til staðar. Við horfum á rússneskt sjónvarp. Þá er skortur á tíma. Það væri mjög góð hugmynd að hafa enskan texta á íslenskum fréttum. Við erum jafnvel tilbúin til þess að borga fyrir slíkt.

**Spænska:**

- Stundum skortir okkur tíma.

**VIII.F Ríkisborgararéttur – réttindi og skyldur****VIII.F.1 Finnst þér eftirsóknarvert að fá íslenska ríkisborgarétt?****Enska:**

- Já, sérstaklega vegna þess að hægt er að hafa tvöfaldan ríkisborgarétt.
- Flestir taka slíka ákvörðun mjög alvarlega.

- Nei, vegna þess að sumir eru ekki á Íslandi til langframa.
- Já, sjáum það sem dyr inn í Evrópu.
- Já, ég vil geta kosið og haft eitthvað að segja í landinu þar sem börnin mín eru alin upp.
- Já, ég borga skatta hér og vil geta kosið.
- Já, er farin að festa rætur á Íslandi.
- Nei, hef ekki fest rætur á Íslandi.
- Flóttamenn sem koma til Íslands eru settir í fangelsi í 2-4 vikur og síðan settir í bann í eitt ár. Þeir fá ekki nægjanlegar upplýsingar til þess kynna sér rétt sinn og ferlið sem ganga þarf í gegnum til þess að sækja um hæli. Oftast skortir þá lögfræðilegu ráðgjöf og stuðning sem til þarf. Fyrir flóttamenn er það mjög eftirsóknarvert að fá ríkisborgararétt þar sem um spurningu upp á líf og dauða er að ræða. Staðreyndin er hins vegar sú að þeir þurfa að bíða í Keflavík í nábýli við flugvöllinn og getur það varað í 1-2 ár.
- Annar þátttakandi segist ekki hugsa mikið um það en þegar hann eignast barn langar hann til að verða íslenskur ríkisborgari en halda ríkisborgarréttinum í Bandaríkjunum. Mikilvægt er að hafa tvöfaldan ríkisborgararétt.
- Einn þátttakandi sagði að ef hann yrði lengur á Íslandi langi hann að verða ríkisborgari, en þá sé hann neyddur til þess að afsala sér núverandi ríkisborgarétti, en hann langi til þess að verða virkari þátttakandi í þjóðfélaginu.
- Annar þátttakandi segist hafa áhuga á að öðlast ríkisborgararétt vegna þess að hann þurfi að endurnýja dvalarleyfi sitt á hverju ári, en á fimm ára fresti ef sá sem á í hlut er giftur.
- Flestir vilja gerast íslenskir ríkisborgarar.
- Já, það er mjög mikilvægt fyrir suma, en ekki aðra.

#### Filippseyska:

- „Ég á íslenska fjölskyldu og [íslenskan] maka. Þegar við fluttum til Íslands fengum við hlunnindi en það er betra að vera ríkisborgari“, sagði einn þátttakandi.

#### Pólska:

- Já, sem ríkisborgari öðlumst við aukin réttindi.

#### Rússneska:

- Já, vegna þess að Útlendingastofnun flækir ferlið???

#### Spænska:

- Þátttakandi 1: Já, ég vil gerast íslenskur ríkisborgari til þess að geta gagnrýnt það sem fram fer í þjóðfélaginu og vegna dóttur minnar. Að hafa ríkisborgararétt gefur til kynna að þú sért tilbúin til þess að taka þátt í verkefnum í samfélaginu.
- Þátttakandi 2: Mér finnst það nauðsynlegt. Það er öðruvísi að vera frá landi utan Evrópu.
- Þátttakandi 3: Já auðvitað, því á Íslandi á ég heima. „Þetta er spurning um „prinsipp“, hérna varð ég fullorðin.“
- Þátttakandi 4: Já, ég myndi gjarnan vilja vera íslenskur ríkisborgari vegna þess að mig langar að eiga heima á Íslandi því hérna er mjög gott að vera.
- Þátttakandi 5: Ég öðlaðist íslenskan ríkisborgararétt á síðasta ári og fyrir mig sem er frá Kólumbíu er það mjög eftirsóknarvert vegna ástandsins í heiminum. Ég upplifi mig sem Íslending sem auðveldar mér að ferðast um heiminn. Ísland er heimilið mitt.

#### Víetnamska:

- „Hvað þýðir íslenskur ríkisborgararéttur? Hvaða réttindi hefurðu sem íslenskur ríkisborgari?“, spyr einn þátttakandi. Nauðsynlegt er að fá fræðslu þegar maður gerist ríkisborgari.
- „Hvað er svona eftirsóknarvert við að öðlast ríkisborgararétt?“, spyr annar. „Að verða viðurkenndur sem hluti af þjóðinni og að vera löglegur. Það getur skipt máli hvaðan þú kemur, frá Asíu eða Evrópu“, svarar hann sjálfum sér.



**VIII.F.2 Veistu hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að fá ríkisborgararétt?****Enska:**

- Lögin voru þannig að maður þurfti að vera giftur Íslendingi í þrjú ár til þess að öðlast ríkisborgararétt. Ein kona segist ekki hafa viljað gerast íslenskur ríkisborgari en um leið og hún eignaðist barn kom sú löngun upp og það var tiltölulega auðvelt í þá daga, en hefur breyst svolítið. (Hún hefur hjálpað mörgum við að sækja um síðan þá). Það virðist ríkja meiri spenna í kerfinu og yfirvöld eru ekki að veita nógu góða þjónustu. Einnig þarf að huga að lagalegum atriðum svo fólk þarf á upplýsingum og lögfræðilegri ráðgjöf að halda.
- Einn þátttakandi tekur fram að eyða þurfi miklum peningum í að læra tungumálið til þess að teljast tilbúinn fyrir ríkisborgararétt. Að því loknu þarftu að taka próf og afhenda við skráningu en fyrir það er tekið gjald. Þetta gjald ætti að leggja niður (það er tekið fyrir úrvinnslu umsóknarinnar). Manneskja sem er gift Íslendingi ætti ekki að þurfa að bíða í fimm ár eftir ríkisborgararétti heldur er þriggja ára bið alveg nóg. Lengri bið leiðir aðeins til sundrungar fjölskyldna. Innflytjandinn verður of háður íslenska makanum.
- Einn maður hefur verið íslenskur ríkisborgari í tólf ár og fannst mjög eftirsóknarvert að fá ríkisborgararétt. Hann hélt að hann fengi betri meðhöndlun, en þegar allt kom til alls breyttist lítið. Ríkisborgararéttur gerir það að verkum að auðveldara verður að ferðast. Eitt af því sem verður að fylla út í ferlinu er sakaskrá en landið þar sem hann bjó í áður hefur engar upplýsingar um þann tíma sem hann hefur búið sem innflytjandi á Íslandi svo spyrja ætti íslensk yfirvöld um sakaskrá en ekki fæðingarland hans.
- Einn þátttakandi talar um hversu mikilvægt sé að uppfylla tungumálaskilyrði til þess að fá ríkisborgararétt vegna þess að slíkt fær fólk til þess að hugsa um hvort það vilji í raun og veru verða íslenskur ríkisborgari og verða upplýst um menningu og sögu.
- Já, fyrir flest okkar.
- Sumir þurfa að læra meira en aðrir. Sumir eru upplýstir nú þegar. Það er ekkert sendiráð Nýja Sjálands á Íslandi.

**Filippseykska:**

- Já, við þekkjum skilyrðin.

**Litháíska:**

- Auðvitað.

**Pólska:**

- Já, sakavottorð og sjö ára búseta á Íslandi.

**Rússneska:**

- Ekki eru nægilegar upplýsingar til staðar.

**Spænska:**

- Já, við vitum hvert á að leita.

**Víetnamska:**

- Til þess að geta fengið ríkisborgararétt þarf að geta séð fyrir sér, sakavottorð, skattaskýrslur, stunda íslenskunám og standast prófið í íslensku.

**VIII.F.3 Finnst þér skorta upplýsingar um skilyrðin?****Enska:**

- Ekki eru nægar upplýsingar til staðar og ég ruglast í ríminu þegar ég fer á Útlendingastofnun og fæ mismunandi svör þar.

**Litháíska:**

- Það er enginn skortur á upplýsingum.

**Pólska:**

- Ef áhugi er fyrir hendi finnurðu upplýsingarnar.

**Rússneska:**

- Já.

**Víetnamska:**

- Þetta er flókið ferli að ganga í gegnum. Listinn er ófullnægjandi og þörf er á fullnægjandi upplýsingum.

**VIII.F.4 Finnst þér ferlið flókið?****Enska:**

- Sumum finnst ferlið of flókið og var vísað á hvern staðinn á fætur öðrum.
- Flestir hafa ríkisborgararétt nú þegar og aðrir þurfa að afla sér upplýsinga.

**Filippseyska:**

- Ferlið er langt og strangt og tekur of langan tíma. Útvega þarf nokkur vottorð, svo kostar þetta dágóðan pening.

**Litháíska:**

- Litháísk lög leyfa ekki tvöfaldan ríkisborgararétt.

**Pólska:**

- Það er tímafrekt og dýrt að þýða alla pappírana.

**Rússneska:**

- Ferlið í sjálfu sér er ekki flókið, en viðhorf starfsfólks Útlendingastofnunar er ekki rétt. Það veitir ekki réttar upplýsingar. Þetta er mjög langt ferli og oft vantar skjöl, en engar tilkynningar berast til fólks.

**Spænska:**

- Nei, það er ekki eins flókið og í öðrum löndum og minna regluveldi og betri tækni.

**VIII.F.5 Ertu með einhverjar athugasemdir við ferlið?****Enska:**

- Á [www.utl.is](http://www.utl.is) eru góðar upplýsingar fyrir fólk sem vill sækja um ríkisborgararétt.
- Sumir hafa á tilfinningunni að starfsfólk Útlendingastofnunar sé vanhæft eða illa upplýst um þessi mál.

**Filippseyska:**

- Einn þátttakandi spyr: „Ef umsókn minni um ríkisborgararétt væri neitað í fyrstu, verð ég þá að borga aftur? Hvað er hægt að gera til þess að auðvelda þetta ferli? Er einhver stofnun sem hægt er að leita til, Filippseyingur eða innflytjandi, sem væri hægt að ráðfæra sig við?“

**Litháíska:**

- Þeir sem hafa áhuga að fá ríkisborgararétt finna réttu upplýsingarnar.
- Umsóknaeyðublöðin eru ekki flókin.
- Íslendingar sjálfir skilja varla hvað þá innflytjendur. Af hverju ekki að hafa þessa pappíra á móðurmáli innflytjenda.
- Upplýsingarmáti gæti til dæmis í bæklingi eða bók.

**Pólska:**

- Eldri borgarar ættu að lúta öðrum reglum, tungumálaprófið er of auðvelt.

**Rússneska:**

- Bæta þarf þjónustu Útlendingarstofnunar: bjóða ætti upp á gegnsærri leið, gera fólk færert að fylgjast með ferli þeirra skjala sem eru í vinnslu. Það vantar upplýsingar á ensku (helst

rússnesku), þar á meðal á heimasíðu Útlendingarstofnunar. Túlkur ætti að vera að kostnaðarlausu.

#### Víetnamska:

- Þetta er ferli sem mætti laga.
- Upplýsingar ætti að vera hægt að fá á fleiri en einni stofnun en ekki aðeins í Útlendingastofnun.
- Allar upplýsingar eru á íslensku, en frábært væri að hafa þær á eigin móðurmáli. Til dæmis þegar fólk fer í Útlendingastofnun fær það aðeins pappíra sem fjalla um pappírana sem þarf að skila inn. Þessar upplýsingar eru á íslensku sem jafnvel Íslendingar sjálfir skilja varla hvað þá innflytjendur. „Af hverju eru þessir pappírar á móðurmáli innflytjenda?“, spyr einn
- Upplýsingarmáti gæti verið til dæmis í bæklingur eða bók.

#### Hópavinna eftir hádegi

### VIII.G Upplýsingamiðlum til innflytjenda

#### VIII.G.1 Hvernig viljið þið helst fá upplýsingar; á vef, í útgefnu efni, í viðtölum við ráðgjafa eða með einhverjum öðrum hætti?

##### Enska:

- Á öllum þremur formum, en á fleiri tungumálum.
- Á vefnum (Utl.is) eða maður á mann á Útlendingastofnun.
- Fyrst á vefnum, síðan í bækling og svo maður á mann. Allt er mikilvægt. Sendiráðið er mikilvæg upplýsingaveita á okkar eigin tungumáli.
- Stundum verður maður að vera mjög frekur til þess að fá réttu upplýsingarnar.
- Oft er erfitt að finna upplýsingar á netinu á íslensku. Veit ekki rétta leitarorðið til þess að“ gúggla.“
- Allar upplýsingar ætti að vera hægt að fá á misjöfnu formi eins og til dæmis á vefnum, í bæklingum og sérstaklega frá öðru fólki til þess að koma til móts við alla eins og t.d læsisstig og yfirgrip tungumálsins.
- Nauðsynlegt er að hafa upplýsingar á Vefnum.
- Það hafa ekki allir aðgang að Vefnum.
- Innflytjendur ættu að vera ábyrgir fyrir því að dreifa upplýsingum (UTL).
- Í bæklingi.
- Þörf er á upplýsingapakka um leið og fólk flytur til Íslands eins og til dæmis upplýsingar um kennitölu, bankaupplýsingar og tryggingar.
- Hópurinn talar um gagnsemi Alþjóðahúss og hversu mikilvæg starfssemi þess er fyrir innflytjendur.
- Upplýsingar á opinberum vefsíðum eru almennt séð ófullnægjandi og jafnvel þótt þær séu á ensku þá er textinn of stuttur og endurspeglar ekki íslensku upplýsingarnar. Vefur Vinnuáráðsstofnunar er dæmi um það þegar íslenski textinn er ekki þýddur beint.
- Nauðsynlegt er að koma Alþjóðahúsi aftur í gang því þar er miðstöð innflytjenda. Án þess eru upplýsingar dreifðar. Með alþjóðlegri skrifstofu í Reykjavík verða þær aðgengilegar en við forðumst misvísandi upplýsingar.
- Einnig er gagnlegt fyrir Íslendinga að fá upplýsingar frá stað eins og Alþjóðahúsi.

##### Filippseyska:

- Við viljum að upplýsingarnar séu þýddar á ensku eða á okkar eigin tungumáli, annaðhvort á pappír eða í bækling svo við getum skilið þær betur. Væri frábært að hafa fulltrúa frá okkar landi til þess að við getum skilið upplýsingarnar betur.
- Upplýsingarnar geta verið á fésbókinni, þýddar og opinberar á okkar eigin tungumáli.

**Pólska:**

- Á Vefnum, í bæklingum, með ráðgjöf, á fésbókinni og vefsíðu Reykjavíkurborgar svo og á fundum.
- Samtal við ráðgjafa er best og bæklingar fyrir þá sem nota ekki Vefinn. Viljum við fá upplýsingar í gegnum Vefinn.

**Rússneska:**

- Í gegnum sameinaða upplýsingamiðstöð fyrir útlendinga, bæklinga og, vefsíðu.

**Spænska:**

- Allar þessar leiðir eru gagnlegar. Ráðgjafar eru mjög mikilvægir, en bæklingar og Vefurinn eru grundvallaratriði þegar kemur að almennum upplýsingum.

**VIII.G.2 Hvaða upplýsingar viljið þið helst fá – eru mikilvægastar?****Enska:**

- Réttur í vinnu.
- Réttindi og skyldur.
- Allar upplýsingar um daglegt líf t.d samtök, leikskóla og hvar þá er að finna, og upplýsingar um strætó svo eitthvað sé nefnt.
- Mestu máli skiptir að fá RÉTTAR upplýsingar. Ég vil að fleiri opinberir aðilar noti samfélagsmiðlana eins og fésbókina, líkt og lögreglan gerir.
- Einn þátttakandi nefnir málefni foreldra og barna og rétt í vinnu.
- Annar þátttakandi talar um hvar vinnu er að finna og hvernig hann eigi að fjárfesta í sér sjálfum.
- Enn og aftur nefndum við þörfina fyrir Alþjóðahús. Þingið ætti að endurvekja Alþjóðahús.
- Upplýsingar um heilsugæslu og hvar íslenskukennslu er að finna.
- Einn þátttakandi nefnir slæma reynslu varðandi vinnumál vegna þess að hann þekkti ekki rétt sinn. Þeir vissu ekki um réttindin sín í verkalýðsfélaginu svo og skattamál. –Annar þátttakandi nefnir að bréf frá skattinum er sent á íslensku sem margir hverjir skilja ekki. Það getur skapað vandamál síðar í ferlinu. Það vantar lögfræðiráðgjöf og upplýsingar um ökuskírteini.
- Mjög mikilvægt er að stofnanir veiti sömu upplýsingar og að þær séu heildstæðar og skýrar. Ef þú hefur ekki kennitölu þarftu að bjóða upp á einhvers konar skráningu (líkt og flóttamenn fá) samkvæmt lögum. Í augnablikinu eru flóttamenn aðeins skráðir í sakaskrár en ekki í þjóðskrána. Engar opinberar upplýsingar eru til staðar um þá. Þeir eru eins og draugar í landinu sem enginn getur fengið upplýsingar um. Stundum líða mörg ár áður en eitthvað gerist. Jafnvel þótt fólk vilji skrá sig og fari á skrifstofu Þjóðskrár er þeim sagt að ekki sé hægt að skrá sig án kennitölu.

**Filippseyska:**

- Upplýsingarnar sem við þurfum varða menntun, vinnu, heilsu, bætur, almennar upplýsingar frá þjónustu miðstöðvunum, auglýsingar og fréttir.

**Litháíska:**

- Lögfræðilegar, læknisfræðilegar og félagslegar, atvinnuupplýsingar eru mikilvægar – einnig upplýsingar um skattkerfi (skattframtal).

**Pólska:**

- Upplýsingar varðandi ýmis konar breytingar og menningarlega viðburði sem veittar eru með góðum fyrirvara. Allt sem snýr að skattamálum og heilbrigðisþjónustu er mikilvægt.

**Rússneska:**

- Málefni sem tengjast Vísa, dvalarleyfi og læknishjálp.

**Víetnamska:**

- Réttindi ýmis konar. Skortur er á upplýsingum. Konur verða fyrir ofbeldi og þær geta ekki annað en bitið á jaxlinn vegna þess að þær þekkja ekki rétt sinn, eða vita ekki hvert þær eiga að leita eftir hjálpi. Upplýsa þarf innflytjendur um réttindi sín!!
- Framkvæmdastjóri Útlendingastofnunarinnar er ekki nógu aðgengilegur.

- Lönd utan ESB fá ekki jöfn réttindi á við þau sem eru innan þess.
- Engin virk samtök eru til staðar á meðal Víetnama. Slík samtök eru nauðsynleg og verða að bjóða upp á fleira en aðeins félagslíf.

### VIII.G.3 Hefurðu einhverjar tillögur að leiðum til að bæta upplýsingagjöf?

#### Enska:

- Tryggja þarf að sendiráðin hafi upplýsingar frá íslenskum yfirvöldum svo þau geti leiðbeint löndum sínum á réttan og viðeigandi hátt.
- Senda þarf upplýsingapakka um leið og fólk sækir um kennitölu.
- Biðja ætti sveitarfélögin um að þýða vefsíður stjórnvalda sem þeirra framlag til innflytjendamála.
- Sjá að ofan tillöguna um að taka þátt í samskiptasíðum á netinu.
- Það þarf Alþjóðahús og raunveruleg þýðing á upplýsingum (til dæmis á opinberum vefsíðum sem speglar íslenskan texta.
- Það ætti að hafa fréttirnar með enskum texta, líkt og í bíómyndunum eða dreifa þeim á ensku.
- Mótrök komu fram: „Til hvers að vera læra íslensku ef hægt er að nálgast flest á ensku?“
- Opinberar stofnanir ættu að gera meira af því að veita réttar, nákvæmar og viðeigandi upplýsingar um réttindi innflytjenda.

#### Filippseyska:

- Að koma með upplýsingar á vinnustöðum, Hlemmi strætóbiðstöð, væntanlegri vefsíðu Filippseyinga á Íslandi, á viðburðum Filippseyinga sem sameinaður hópur svo okkur líði ekki eins og eylandi á Íslandi.
- Að filippseyska þingið sem er væntanlegt myndi veita allar upplýsingar um Ísland áður en komið er til landsins eins og til dæmis íslenskunámskeið. Einnig gætu nánustu fjölskyldumeðlimir eða makar sent viðkomandi íslenska kennslubók eða geisladisk.
- Að fjölmennigarráð myndi halda áfram að vera aðal upplýsingaveitan.
- Að í filippseyska þinginu, myndi kosinn fulltrúi vera ráðgjafi eða sá sem getur komið málefnum Filippseyinga á framfæri við yfirvöld. Hann yrði að vera traustur einstaklingur og faglegur ráðgjafi (spurning hvort fulltrúinn gæti átt fjölskyldu hér þar sem orðrómur kæmist auðveldlega á kreik og gæti skapað vandamál).
- Að þýðendur munu þurfa að vera á þinginu og verða þeir að vera áreiðanlegir svo hægt sé að treysta þeim fyrir viðkvæmum upplýsingum. Filippseyingar sem koma til Íslands halda sig í hópum sem verður að brjóta niður og opna. Filippseyska þingið ætti að vera samansett af einstaklingum sem gætu sameinast sem einn hópur Filippseyinga en ekki skipta sér eftir ættbálkum eins og síður er í Filippseyjum. Menningarlega séð eru ættbálkar venjan en þar sem Filippseyingar eru ekki á heimaslóðum verða þeir að vera sýnilegur sem einn hópur á Íslandi. Þingið myndi vera ábyrgt fyrir því að kynna Íslendinga fyrir marglitri menningu Filippseyinga í gegnum menningarviðburði eins og til dæmis „Filippseyskt fiesta“.
- Móðurmálshópurinn, sjálfboðaliða samtök stofnuð og stýrð af Kriselle, mun heyra undir þingið svo og önnur samtök sem tilheyra filippseyskum innflytjendum.
- Fundirnir eiga að vera skipulagðir og auglýstir með góðum fyrirvara og jafnvel haldnir tvisvar á ári. Það myndi vera ljúft eða halda fund með fulltrúum sem flestra landa sem gætu um leið hitt landa sína.

#### Litháíska:

- Það vantar eina miðlæga upplýsingamiðstöð (eins og Alþjóðahús).

- Það þarf að styrkja samtök Litháa og veita þeim ítarlegar og uppfærðar upplýsingar.

**Pólska:**

- Betri samtök/skipulag þyrfti að vera til staðar og öðruvísi grafík. Gagnlegt væri að geta sótt allar upplýsingar á einn stað.
- Opinbert kerfi upplýsinga á netinu þyrfti að vera til staðar svo og upplýsingar þyrftu að vera á einum stað eða í einum gagnagrunni.

**Rússneska:**

- Það þyrfti að vera til staðar sameinuð upplýsingamiðstöð fyrir útlendinga þar sem innflytjendur geta fengið ítarlegar upplýsingar á móðurmáli sínu um hvaða efni sem er.

**Víetnamska:**

- Útlendingastofnun er fyrsti viðkomustaður innflytjenda, en það er ekki þeirra hlutverk að hugsa um hvern innflytjenda fyrir sig (stofnunin er hins vegar ekki að gera sitt besta til þess að sinna innflytjendum). Nauðsynlegt er að dreifa þessari ábyrgð. Draga þyrfti úr ábyrgð Útlendingastofnunar og skapa miðstöð eða stað í hverju sveitarfélagi fyrir sig sem sérhæfir sig í persónulegri þjónustu við innflytjendur.

**VIII.H Hver er miðlun upplýsinga á milli innflytjenda?****VIII.H.1 Hvernig miðlið þið upplýsingum ykkar á milli?****Enska:**

- Á fésbókinni, en erfitt er að treysta á áreiðanleika upplýsinganna. Stundum eru þær ófullnægjandi.
- Fólk sem leitast eftir vináttu hefur auðveldari aðgang að upplýsingum, en þeir sem eru félagslega einangraðir og standa frammi fyrir mun meiri erfiðleikum við að finna áreiðanlegar upplýsingar.
- Haft er samband við fjölda fólks til þess að fá upplýsingar og enn og aftur kemur hugmyndin um Alþjóðahús upp. Stundum fær fólk mjög sérhæfðar spurningar sem erfitt er að svara og vita þar af leiðandi ekki hvert á að beina viðkomandi.
- Margir hverjir, sem hafa búið lengi á Íslandi, vita lítið um menntamál eins og til dæmis að Háskólinn í Reykjavík og Háskóli Íslands eru aðskildar stofnanir.
- Já, í flestum samfélögum innflytjenda er upplýsingum miðlað frítt.

**Litháíska:**

- -Upplýsingum er deilt.

**Pólska:**

- Á fundum, í vinnu, á Vefnum, í gegnum tölvupóst og síma, frá pólska konsúlnum.
- Í gegnum fésbókina, símtöl úr Nova, tölvupóst og félagslíf.

**Rússneska:**

- Já, við gefum hvert öðru hagnýt ráð.

**Víetnamska:**

- Í gegnum annað fólk. Maður á mann.
- Upplýsingarnar sem við fáum eru aðallega frá konsúlnum okkar.
- Við fáum einnig upplýsingar á skrifstofum eins og Útlendingastofnun, Alþjóðahúsinu, bókasöfnum, í gegnum spjall á Vefnum, fésbókinni, með netpósti og með því að deila viðburðum.

**VIII.H.2 Eru þær upplýsingar vanalega áreiðanlegar?****Enska:**

- Já.

**Filippseyska:**

- Stundum eru upplýsingarnar áreiðanlegar en það skiptir máli hvaðan þær koma.

**Litháíska:**

- Ekki alltaf, upplýsingar geta stundum breyst. Það þarf að mæta þörfum allra.

**Pólska:**

- Vefsíða Reykjavíkurborgar er ekki uppfærð og fylgir ekki breytingum á réttindum innflytjenda.
- Eiginlega ekki, stundum þarf að leiðrétta upplýsingarnar.

**Rússneska:**

- Upplýsingar eru mismunandi, en réttar í flestum tilfellum, þær eru áreiðanlegar ef þær byggjast á persónulegri reynslu.

**VIII.H.3 eruð þið að borga fyrir upplýsingarnar?****Enska:**

- Nei.

**Litháíska:**

- Þær eru alltaf frjár.
- Við leggjum til að tekið sé gjald fyrir túlkþjónustu ef viðkomandi hefur ekki náð tökum á tungumálinu eftir nokkurra ára búsetu hér (fer eftir starfsemi í öðrum löndum).
- Það vantar litháískumælandi ráðgjafa í lögfræðilegum og félagslegum málum.

**Pólska:**

- Við höfum heyrt að margir borgi fyrir upplýsingaþjónustu.
- Nei, en sumir borga öðrum fyrir upplýsingar og til þess að sjá um ýmis verkefni fyrir sig.

**Rússneska:**

- Nei.

**Víetnamska:**

- Við þurfum ekki að borga fyrir upplýsingar.

**VIII.I Hvernig er hægt að ná til fólks sem er ekki í miklum samskiptum við Íslendinga eða samlanda sína?****Getið þið gefið okkur ráð um það? Hvaða leiðir eru mögulegar?****Enska:**

- Íslendingar skipta sér oft ekki af innflytjendum jafnvel þótt þeir séu einir.
- Hvaða leiðir eru færar?
- Skylduheimsóknir þegar sótt er um kennitölu til þess að spjalla án eiginmanns um áhugamál og hvernig eigi að afla sér upplýsinga.
- Íslenskukennsla er mikilvæg ekki aðeins í þeim tilgangi að læra íslensku heldur til þess að kynna fólki og fá upplýsingar. Innflytjendur verða að fá stuðning frá yfirvöldum.
- Íslenskunámskeið eru of dýr, sérstaklega ef þú greiðir ekki í stéttarfélag eða ert atvinnulaus. Þegar þú færð kennitölu ætti að vera sett sem skilyrði að sækja gjaldfrjálst íslenskunámskeið og ættu yfirvöld að hafa eftirlit með þátttöku í þeim (velferðareftirlit), til þess að tryggja að fólk einangrist ekki.
- Hægt er að dreifa bæklingum.
- Bækur á UTL, í háskólum, menningarhúsum og félagsþjónustunni væri tilvalin leið.
- Einn þátttakandi gat ekki komið með neitt svar.
- Hægt er að ná til vinnustaða þar sem margir Pólverjar vinna, fiskvinnslu til dæmis.
- Sú leið er fær að fyrirtæki hafi fulltrúa eða talsmann fyrir innflytjendur sem skapa tengsl milli samfélaga, miðli upplýsingum og eru tengiliðir fyrir báða hópanna.
- Hægt er að nota samkeppnishæft fólk sem gæti hjálpað og kann bæði tungumálin.

- Mögulegt er að hafa upplýsandi fundi um íslenskt þjóðfélag og daglegt líf fyrir atvinnulausa og réttindi.
- Gott væri að koma á fót kerfi sjálfboðaliða innan hinna margbreytilegu innflytjendasamfélaga.

#### Filippseyska:

- Það er erfitt að ná til innflytjenda. Kriselle, skipuleggjandi filippseysku móðurmálskennslunnar sagði að jafnvel þótt hún sendi út skriflegar upplýsingar og boði fólk með SMS, í gegnum vefsíðu, fésbókarsíðu og í einkaskilaboðum fésbókarinnar, þurfi hún samt sem áður að hringja í fólk sem hefur að auki ótal spurningar sem það myndi annars ekki hafa svör við. Þrátt fyrir þetta taka fæstir þátt. Þannig að fólk er einangrað af ýmsum ástæðum.
- Einn þátttakandi nefndi að þetta þyrfti að vera upplýsingagjöf á einstaklingsgrunni. En til þess að þetta verði að veruleika þyrfti að skrá alla einstaklinga sem yrði þá brot á trúnaði.
- Þetta er hægt í gegnum skóla. Það væri hægt að senda börnin heim með upplýsingar til foreldranna. Ef ekki þannig þá í gegnum netfang foreldranna.
- Hægt er að setja upplýsingar um viðburði í dagblöð og á minnistöflur á vinnustöðum, á bókasöfnum, stöðum eins og Kolaportinu, kirkjum, verslunarmiðstöðvum og sjoppum, strætóbiðstöðvum, rútubiðstöðvum, á Hlemmi, Mjódd og Ártúni. Ef mögulegt er væri gott að setja þær í strætisvagna sem innflytjendur ferðast með.
- Það þyrfti einn virkan fulltrúa eða einhvern sem vinnur líkt og opinber tengiliður sem myndi ferðast um og tala við fólk sem einangrar sig frá Íslendingum sem og sínum eigin löndum.

#### Litháíska:

- Þetta er hægt í gegnum ákveðna hagsmunahópa (kirkjur, íþróttafélög, menningarviðburði).

#### Pólska:

- Hægt er að skipuleggja fundi, vera með upplýsingatorg, ná til fólks með dreifibréfum og bæklingum.
- Þetta er mögulegt á vinnustöðum, starfsmannahótelum, í gegnum skóla, Kolaportið og kirkjur.

#### Rússneska:

- Einn þátttakandi sagði að þetta væri hægt í gegnum samskiptasíður, netpóst og símtöl.
- Annar þátttakandi sagði að þetta væri hægt í gegnum símaskrá þjóðskrá og netpóst.

#### Víetnamska:

- Hægt er að ná í gegnum fólk sem á ekki samskipti við Íslendinga eða samlanda sína.
- Þetta er mögulegt á bókasöfnum. Til er hópur sem kallaður er „Söguhópur kvenna“ þar sem konur hittast og segja sögu sína.
- Stuttur pistill í dagblað á móðurmálinu er líka möguleg leið.

## VIII.J Fjölmiðlar og umfjöllun þeirra um innflytjendur

### VIII.J.1 Verðið þið vör við umfjöllun fjölmiðla um innflytjendur?

#### Enska:

- Fólk hefur vanalega neikvæða ímynd af Filippseyingum. Þegar Íslendingar horfa á okkur vorkenna þeir okkur vegna umfjöllunar fjölmiðla sem enn eiga margt ólært.
- Einn fjölmiðlamaður sagði fjölmiðla vera í viðbragðstöðu og upplagt væri að hafa einn stað þar sem þeir gætu aflað sér upplýsinga og fengið tengiliði til að kynna málefni innflytjenda.
- Kastljós fjallar ekki um málefni innflytjendahópa og það þarf að vera meira svigrúm og framsækni varðandi málefni innflytjenda og miðla þarf til þeirra almennum fréttum sem og fréttum sem varða þá sérstaklega. Fjölmiðlar ættu einnig að sýna innflytjendum áhuga sem manneskjum.



- Eitt af vandamálunum er að fjölmiðlar selja sig með neikvæðum fréttum, til dæmis fullyrða þeir að innflytjendur séu kostnaður fyrir samfélagið svo eitthvað sé nefnt.
- Umfjöllunina þarf að bæta og þurfa allir fjölmiðlar að taka þátt hvort sem það eru blöð, sjónvarp, útlit eða fjölmiðlar á Vefnum.
- Það eru ekki allir meðvitaðir um þetta.
- Fólk tekur bara eftir neikvæðum ímyndum eða misskilja málið. Það er slæmt og því verður að breyta.

**Filippseyska:**

- Já, sagði einn þátttakandi.
- Við tökum varla eftir fréttum af innflytjendum og flestar þeirra tengjast glæpum. Væri ljúft ef fjölmiðlar sköpuðu rými fyrir jákvæðar fréttir af innflytjendum. Einnig væri gott að hafa fréttir á ensku, sérstaklega þegar um mikilvægar fréttir er að ræða svo innflytjendur skilji þær.

**Litháíska:**

- Við verðum takmarkað vör við þessa umfjöllun.

**Pólska:**

- Ímynd innflytjenda er neikvæð. Fjölmiðlar einblína á neikvæðu hliðina en aldrei á þá jákvæðu og skapa þar með fjandskap og hræðslu gagnvart innflytjendum.

**Spænska:**

- Ummfjöllunin er ekki til staðar.

**VIII.J.2 Ef já hvernig finnst ykkur hún vera?****Filippseyska:**

- Fréttaflutningur af innflytjendum er oftast skekktur. Til dæmis var frétt í síðustu viku um innflytjendur sem voru stoppaðir fyrir of hraðan akstur, sem skapar neikvæða mynd af öllum innflytjendum. Fjölmiðlar ættu að vera meðvitaðir um að skapa ekki neikvæðar staðalímyndir. Það ætti ekki að skipta máli hvort Íslendingur eða innflytjandi hafi framið brot.
- Jákvæðar fréttir eru ekki til þess fallnar að laða til sín lesendur. RÚV var ekki upplýst um þetta fjölmenningsþing sagði einn þátttakandinn. Ekki er mikið um jákvæða umfjöllun af innflytjendum, en jákvæð umfjöllun af viðburðum sem tengjast innflytjendum er nauðsynleg.

**Pólska:**

- Mikilvægt er að innflytjendur fái jákvæða umfjöllun.
- Fréttir um innflytjendur eru nær alltaf um afbrot innflytjenda. Ef innflytjandi birtist í sjónvarpi eru orð hans klippt burt.

**Rússneska:**

- Dagblað er til staðar fyrir innflytjendur, en upplýsingar skortir í slíkum fjölmiðli og það er ekki nógu aðgengilegt.

**Spænska:**

- Nauðsynlegt er að fá fjárhagslegan stuðning til þess að þróa slíka umfjöllun.

**Víetnamska:**

- Í fjölmiðlum er það ekki eins fréttæmt þegar Evrópubúar lenda í vandræðum en allt í einu verður það fréttvænna þegar Asíubúar eiga í hlut.
- Almenn séð er umfjöllunin neikvæð.
- Í fréttum fer lítið fyrir innflytjendamálum.
- Það er mun fréttæmara ef um neikvæðan atburð er að ræða, en venjulega ekki minnst á þegar innflytjendur gera eitthvað jákvætt. Oftast er máluð neikvæð mynd af Pólverjum svo dæmi séu tekin. Íslendingar þurfa að fræðast um aðrar þjóðir.

**VIII.J.3 Finnst ykkur vera munur á umfjöllun um konur annars vegar og karla hins vegar?****Enska:**

- Málefni kvenna eru almennt séð jákvæðari en karla, en þeir fá neikvæðari umfjöllun.

**Litháíska:**

- Engin.

**Pólska:**

- Já, karlar fá meiri athygli.
- Nei, okkur finnst athyglin sem kynin fá vera jöfn.

**Filippseyska:**

- Okkur finnst umfjöllun um konur og karla vera jöfn en stundum eru hlutskipti kvenna lakari eins og til dæmis varðandi laun.

**Rússneska:**

- Við teljum að það séu meiri upplýsingar og fleiri hópar og samfélög fyrir konur.

**VIII.J.4 Getum við haft áhrif á umfjöllunina? Ef já, hvernig förum við að því?****Enska:**

- Já, með því að taka þátt í þingi og umræðum sem þessari.
- Kannski ættum við að fjölga svona umræðum og jafnvel þurfa fleiri að bætast í hópinn. Sumir innflytjendur, sem hafa verið hér um tíma, eru ekki tilbúnir til þess að taka þátt og leggja sitt að mörkum til þess að breyta hlutunum.

**Filippseyska:**

- Við getum ekki haft áhrif á fjölmiðla vegna þess að við erum á Íslandi. Einn þátttakandinn sem er blaðamaður langar til þess að skrifa aftur um innflytjendur og gera umræðu- eða sjónvarpsþátt um þá.
- Skipuleggja þyrfti filippseykar hátíðir eins og til dæmis bókmennta- og kvikmyndahátíð. Filippseyk ferðamálayfirvöld gætu jafnvel hjálpað til við undirbúninginn. Þetta er grundvallaratriði vegna þess að Íslendingar hafa staðlaða ímynd af Filippseyingum á Íslandi sem og Filippseyingum almennt. Einn þátttakandinn vannur á spítala og þurfti hann að koma með bækur, myndir og geisladisk um Filippseyjar vegna þess að samstarfsmennirnir spurðu hann hvort að hann væri: „ ekki ánægður að koma hingað og hafa ísskáp, þvottavél, ofn... “. Þeir þekkja aðeins neikvæðu hliðarnar eða vita lítið sem ekkert um Filippseyjar. --Já, við getum haft áhrif ef við höfum fulltrúa sem við getum tjáð hugmyndir okkar við sem getur svo í framhaldinu hjálpað innflytjendum.
- Ef það væri vef- eða fésbókarsíða fyrir innflytjendur eins og sú filippseyska, gætum við komið góðum hugmyndum á framfæri og spurt spurninga ef okkur vantar upplýsingar.

**Litháíska:**

- Veita þarf fjölmiðlum upplýsingar, sem endurspeglar málefni innflytjenda. Þar sem á ekki að tala um innflytjendur heldur við innflytjendur.
- Innflytjendur þurfa að sækja í fjölmiðla með því að miðla jákvæðum upplýsingum um sig

**Pólska:**

- Já, aðeins ef við tölum íslensku, án hennar eru möguleikar á að hafa áhrif takmarkaðir.
- Innflytjendur þurfa að vera virkari.
- Já, ef þú ert mjög ákveðin.
- Þátttaka innflytjenda í fjölmiðlum er nauðsyn svo hægt sé að sýna innflytjendur í fréttum og viðburðum sem þeir eru þátttakendur í.
- Innflytjendur eiga að upplýsa fjölmiðla um viðburði sem þeir skipuleggja og fjölmiðlar eiga að gefa innflytjendum færi á að tjá sig á sínu eigin móðurmáli.

- Fréttamenn ættu að vera virkari í að reyna að ná til innflytjenda.
- Hver þjóðernishópur ætti að hafa talsmann sem fjölmiðlar geta talað við (fjölmenningarráð).

#### Rússneska:

- Já, við getum haft áhrif ef kunnátta væri til staðar til að skrifa nákvæmar fréttir. Mikilvægt er að fjölmiðlar nýti sér upplýsingar, ekki bara frá íslenskum fréttamönnum, heldur einnig frá erlendum fréttamönnum. Innflytjendur þurfa að vera virkari.

#### Spænska:

- Já við getum og skulum! Innflytjendur þurfa pláss í sjónvarpi og útvarpi til þess að varpa ljósi á fjölmennunguna í þjóðfélaginu (innflytjenda mál).

### VIII.K Stofnanir – hvernig miðla þær upplýsingum? Geta stofnanir bætt sína upplýsingagjöf og ef já þá hvernig?

#### Enska:

- 50% vita ekki um Mcc.is.
- Erfitt er að finna upplýsingar á vefsíðu Reykjavíkurborgar..
- Útlendingarstofnun veitir fólki stöðugt rangar upplýsingar. Það veitur á því hver er spurður hvaða upplýsingar þú færð.
- Enn of aftur verður Útlendingastofnun (reyndar allar stofnanir) að veita nákvæmar og samræmdar upplýsingar.
- Margir hverjir vita ekki að þeir eiga rétt á túlk þegar þeir eiga samskipti við opinberar stofnanir.
- Vefsíða Útlendingastofnunar verður að vera skipulagðari svo auðveldara sé að finna upplýsingar.
- Reglurnar þurfa að vera skýrari og starfsfólk þarf að vera betur upplýst um breytingar á reglum. Þjónustufulltrúarnir virðast oft ekki vita um breytingar á reglum.
- Næmni og þjálfun í menningarlausni er nauðsynleg fyrir starfsfólk opinbera stofnanna.
- Margar vefsíður, Hi.is, vefsíður bankanna og önnur fyrirtæki hafa í rauninni ekki upplýsingar á öðrum tungumálum en íslensku (þegar ýtt er á enska takkann til dæmis). Aðeins kemur upp samantekt sem er ekki mjög hjálpleg. Jafnvel gagnlegt að láta innflytjendur sjálfa lesa yfir textann?
- Opinberar vefsíður þurfa að vera betur þýddar. Misjafnt er hversu góð þjónusta er veitt þegar hringt er eftir nánari upplýsingum. Stundum er starfsfólkið ekki nógu vel þjálfað í að tala ensku. Enginn vissi af fjölmenningssetrinu á Ísafirði en það var það fyrsta sem þau heyrðu af.
- Já, sagði einn þáttakandi.
- Ekki vera svona dónaleg og móðgandi þegar þið talið við innflytjendur í síma.
- Upplýsingar eiga að vera ókeypis. Það þyrftu að vera fleiri opnir fundir og samskipti milli menningarheima.
- Hvernig fréttirðu af þinginu?
- Við fengum dreifibréf í sundlaugum, í gegnum vinnu og á fésbókinni (meirihlutinn).

#### Filippseyska:

- Stofnanir hafa ekki upplýsingar um land okkar og menningu. Þá skortir þekkingu á Filippseyjum. Það á að nota filippseyska fagaðila sem gagnlegar upplýsingaveitur. Allir Filippseyingar vita af netbankanum.

#### Íslenska:

- „Vision“ eða Víðsýni er sjónvarpsrás á netinu sem hefur göngu sína í janúar 2013 þar sem upplýsingar verða á ýmsum tungumálum. Innflytjendur fá að tjá sig meira um alls konar málefni. Þetta verður upplýsingamiðill fyrir innflytjendur jafnt sem Íslendinga. Samvinna og fjölbreytni eru lykilatriði hjá Víðsýni.

#### Litháíska:

- Það vantar kerfisbundnar upplýsingar á litháísku.

#### Pólska:

- Með því að þýða vefsíðurnar þeirra.

**Rússneska:**

- Já, upplýsingar fyrir innflytjendur þurfa að vera á móðurmáli, jákvæð samskipti beggja vegna og þægilegri vinnutímar (kvöld vinna).

## VIII.L Félagasamtök tengd innflytjendum

### VIII.L.1 Gera þau gagn?

**Enska:**

- Kona frá Filippseyjum segist leita fyrst til félagasamtaka til þess að afla upplýsinga fyrir samlanda sína. Hún er sjálfboðaliði fyrir Rauða Krossinn og aðstoðar innflytjendur og flóttamenn. Hún hefur búið í yfir 15 ár á Íslandi og segir þörf vera fyrir annað félagasamtök og að það geti gert betur.
- Það eru lítil félagasamtök sem eru dreifð vítt og breytt, en Fjölmenningarsetrið tengir þau saman.
- Hér á landi eru afrísk samtök sem sameina alla Afríkubúa á Íslandi. Samtökin eru góður fulltrúi Asíubúa á Íslandi, en samtökin þurfa miðstöð og þá komum við aftur að þörfinni fyrir Alþjóðahús.
- Women?– SEEDs? – Rauði krossinn – Bókasafnið – Þessa staði heyrir fólk um hérna, en erfitt er að finna upplýsingar beint, þær þurfa að vera miðlægar.
- Margir hópar nota fésbókina og sumir hafa jafnvel plön um að opna upplýsingasíður á netinu.
- Á þessu borði vita mörg okkar ekki hvað félagasamtökin standa fyrir.
- Sumir þekkja ekki þessi samtök á meðan aðrir eru ánægðir með þjónustu þeirra.

**Filippseyska:**

- Félagasamtökin vita ekki af málefnum okkar svo við þurfum að ná betur til þeirra. Hugmyndir Íslendinga um innflytjendur eru yfirleitt rangar. Til dæmis þyrfti hið opinbera að bjóða upp á fræðslu um innflytjendur sem sömuleiðis þurfa að uppfærða opinbera starfsmenn. Við þurfum að finna leið til þess að brjóta upp staðalmyndir. Almennt séð gera þær lítið úr okkur.

**Litháíska:**

- Sumir starfa vel t.d. Mímir og Rauði krossinn.

**Pólska:**

- Rauði krossinn virðist vera sterkustu samtökin í að aðstoða innflytjendur á Íslandi.

**Rússneska:**

- Já, frjáls félagasamtök hjálpa innflytjendum.

### VIII.L.2 Geta þau gert betur?

**Enska:**

- NGO's þurfa að hafa samkomustað.
- Það er nauðsynlegt, sérstaklega þegar þau eru að hjálpa innflytjendum.
- Aukin meðvitund þarf að ríkja um þessi málefni hjá öllum.

**Litháíska:**

- Stuðla þarf betur að miðlun upplýsinga.

**Pólska:**

- Almennt séð vita innflytjendur ekki um þau félagasamtök sem eru tengd innflytjendum og ættu þau því að auglýsa starfsemi sína betur.

**Rússneska:**

- Já, upplýsa þarf innflytjendur betur um núverandi atburði sem og um starfsemi samtakanna. Bæta þarf miðlun upplýsinga.

### VIII.L.3 Ná þau til innflytjenda almennt eða bara til einhvers ákveðins hóps?

#### Enska:

- Af einverri ástæðu vita aðeins sumir af þeim.
- Ef fólk lítur í kringum sig finnur það þessi samtök. Sum þeirra eru að standa sig vel, önnur standa fast á sínum markmiðum eins og sjálfboðavinnu innflytjenda.

#### Rússneska:

- Í flestum tilvikum ná þau aðeins til ákveðinna hópa.

### VIII.L.4 Er rétt að styðja betur við þau og ef já þá hvernig?

#### Enska:

- Þau ættu að ná til allra.

#### Filippseyska:

- Hið opinbera ætti að útvega þessum samtökum tímabundið húsnæði endurgjaldslaust. Við höfum ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að kosta þessi samtök svo við þurfum stuðning. Þátttaka þyrfti að vera til staðar í viðburðum.

#### Pólska:

- Við getum verið virk innan opinberra stofnanna, í verkalýðssamtökum, skráð okkur á netfangalista og mælt með þessum stofnunum á fésbókarsíðum og auglýst viðburði og réttindi.

#### Rússneska:

- Já, þessi samtök gætu bætt starfsemi sína með betri fjármögnun.

## VIII.M Útgefið efni

### VIII.M.1 Þekkið þið efni sem hefur verið gefið út fyrir innflytjendur?

#### Enska:

- Fáir hafa séð bæklinga með upplýsingum fyrir innflytjendur og þeir sem hafa séð þá segja þá vera takmarkaða.
- Við þekkjum efni um rétt innflytjenda og ábyrgð gagnvart nýjum innflytjendum. Sumir hafa séð útgefið efni og aðrir ekki.
- Við höfum séð efni á Vefnum.

#### Filippseyska:

- Prentað efni og bæklingar eru enn gagnlegir. Upplýsingarnar eru þegar til staðar. Innflytjendur verða að vera opnir fyrir upplýsingum sem eru til staðar fyrir alla. Bæklingar eru aðeins aðgengilegir þegar verið er að leita að upplýsingum. Þær þyrftu að vera til staðar í Fréttablaðinu vegna þess að því er dreift endurgjaldslaust.
- Prentað efni er að finna á ákveðnum stöðum, en þyrfti að vera aðgengilegra eða eins og einn þátttakandinn orðaði það „dreift til innflytjenda“.

#### Pólska:

- Já, „Fyrstu skrefin“, „Þinn réttur“, Grapevine, „Mikilvægi Móðurmáls“ og „Vinna á Íslandi“.
- Já, bækling fræðsluefni fyrir Mími, Grapevine, áætlun strætó á pólsku.

#### Víetnamska:

- Það er mjög lítið um útgefið efni, þótt eitthvað sé til. „Hvar fær fólk þessa bæklinga? Eru þeir fánlegir?“, spyr einn þátttakandi.

- Opinberar stofnanir þurfa kannski að tala saman, taka bæklingana saman og vinna saman og gert þessar upplýsingar aðgengilegar fyrir innflytjendur.
- Búa þyrfti til gagnagrunn.

**Rússneska:**

- Já, við þekkjum bæklinginn um „Fyrstu skrefin“, bæklinginn „Móðurmál Samtakanna“, bæklinga sem er dreift hjá Mími og bækling Rauða krossins.

**VIII.M.2 Vantar bæklinga um eitthvað ákveðið efni ef já þá hvað?****Enska:**

- Læknisfræðilegar upplýsingar þyrfti og fólk vitnar í ofangreindar umræður.
- Upplýsingar þyrfti um hvernig á að sækja um lán og ná sér í pappíra.

**Pólska:**

- Já, við söknum bæklinga um almennar upplýsingar og heimilisföng allra helstu stofnana.

**Rússneska:**

- Já, varðandi ýmislegt sem innflytjendur þurfa á að halda (heilbrigðiskerfi, hagnýt atriði um menntakerfið, upplýsingar um skatta og atvinnu), og uppfæra þar þær upplýsingar reglulega.

**VIII.M.3 Virka bæklingar betur en vefur eða er bæði nauðsynlegt?****Pólska:**

- Já, bæklingur fyrir eldra fólk og þá sem eru ekki að nota Vefinn þurfa að vera til staðar.

**Enska:**

- Flestir segja já. Sumir eru sterkari á vefsíðum. Upplýsingar ættu að vera til staðar á öllum tungumálum og uppfærðar upplýsingar um mikilvæg málefni þyrftu að vera til staðar.

**Pólska:**

- Já, bæklingar eru betri fyrir eldra fólk sem notar ekki Vefinn, en þeir ættu ekki að vera bara á einhverjum stöðum heldur á aðgengilegum stöðum þar sem áhugasamir geta nálgast þá.

**Rússneska:**

- Uppfæra þyrfti vefsíður reglulega (t.d. Immigrant.is þar sem mögulegt er að senda spurningar og fá nákvæmar upplýsingar).

**VIII.N Að lokum er eitthvað sérstakt sem þið viljið koma á framfæri?****Enska:**

- Menning er meira en föt og matur. Hún er einnig þessar litlu athafnir daglegs lífs sem skapa menninguna og þar liggur helsti munurinn. Samskipti Íslendinga og innflytjenda verða að byggja á öðru en fötum og mat.
- Við verðum að hafa samtök á vinnustöðum.
- Búa þyrfti til almennilega vefsíðu fyrir innflytjendur.
- Ódýrari og almennileg íslenskunámskeið þyrftu að vera til staðar.
- Tillögur þyrfti að upplýsingum á opinberum og aðgengilegum vefsíðum eins og vídeó á „YouTube“ á ensku sem hægt er að breyta ef þurfa þykir.
- „Matarstofa“ þar sem fólk er ekki að flýta sér og fær góðan og næringarríkan mat þyrfti að vera til staðar. Betri aðgang og upplýsingar varðandi gjaldfrjálsa matarstofu þyrfti líka.
- Íslendingar eru beðnir um að taka innflytjendur í sátt sem og hæfileika þeirra og nýta sér þá í stað þess að láta þá vinna verkamannavinnu.
- Óskandi væri að allir gætu blandað geði saman.

- Viðhorf Íslendinga mætti breytast gagnvart innflytjendum og sömuleiðis viðhorf innflytjenda til Íslendinga.
- Nauðsynlegt er að ná til fleiri og jafnvel fá fleira fólk til þess að taka þátt og koma með hugmyndir að úrbótum.

#### Filippseyka:

- Þingið og fulltrúar þess mun verða ábyrgt fyrir því að fræða innflytjendur sem eru nýfluttir til Íslands og þá sem hafa búið hér um skeið.
- Við verðum að kanna hver helstu vandmál Filippseyinga eru á Íslandi. Eitt af þeim vandamálum sem innflytjendur standa frammi fyrir tengjast skólagöngu vegna þess að kennt er á íslensku og dýrt er að fara í íslenskunám. Ókeypis íslenskukennsla myndi hjálpa innflytjendum mikið og skapa áhuga þeirra unglunga sem eru nýfluttir til landsins á að stunda nám.

#### Litháíska:

- Aðstæður eru mjög góðar fyrir búsetu hér.
- Við þökkum sveitarfélagi Reykjavíkur fyrir þennan viðburð og stuðning við innflytjendur.
- Vel gert!

#### Íslenska:

- Stjórnvöld þyrftu að koma á laggirnar vandaðri fjölmeningarfræðslu sem væri hvetjandi fyrir alla í kerfinu eins og starfsfólk ríkis og sveitarfélaga sem og stéttarfélög þannig að fólk finni að þegar upplýsingar berast til þess sé það af hinu góða.
- Eyðir óöryggi og vinnur gegn fordómum.
- Innleiða þarf tilskipun ESB um bann við mismunun á grundvelli kynþáttar. Nú eru til staðar hindranir fyrir fólk sem þarf að leita réttar síns vegna mismununar. Öllum breytingum verður að fylgja fjármagn t.d. greiðsla fyrir þátttöku í fjölmeningarráði og veita þyrfti jafnframt fé í upplýsingagjöf og úrræði.

#### Pólska:

- Fjölmeningarráð ætti að beita sér að krafti að því að vinna með opinberum stofnunum og koma málefnum innflytjenda á framfæri. Það ætti einnig að vinna náið með Útlendingastofnun, útlendingastofu og Útlendingaráði sem gætu komið málefnum innflytjenda áfram til stofnana sem eru yfir þeim.
- Fjölmeningarráð ætti að hafa skýra stefnu og reglur og koma sér á framfæri sem tæki sem talar fyrir hönd allra innflytjenda, ekki aðeins í Reykjavík heldur á Íslandi öllu. Það ætti ekki að gera upp á milli innflytjenda í Reykjavík og þeirra sem búa úti á landi.
- Við verðum einnig að hugsa um eldri borgara og fatlaða innflytjendur sem eru einangraðir frá samfélaginu.
- Finna verður innflytjendum fundarstað a.m.k. einu sinni í mánuði. Fundir fjölmeningaráðs eiga að vera opnir öllum.

#### Rússneska:

- Mikilvægt er að safna upplýsingum á eina vefsíðu, með möguleika á að bæta fréttum á eina sameinaða upplýsingasíðu sem yrði undir eftirliti. Okkur vantar sameinaða upplýsingamiðstöð.

## VIII.O SKÝIN

### Borð1 (Litháíska)

Ég öskraði og hvarf  
inn í djúp sálarinnar  
þar sem ég mætti gömlum  
tíma líkt og afmæli

úr fortíðinni

- „Skip í höfn eru örugg, en það er ekki tilgangur þeirra.“
- „Blekking er fyrsta upplifun ánægju.“

#### Borð 2 (Pólska)

- Við viljum miðstöð fyrir innflytjendur.
- Sömu upplýsingar á allar opinberar stofnanir sem eru uppfærðar reglulega.
- Virðing, skilningur og ást.
- Upplýsingafundur.
- Uppfærðar gagnlegar upplýsingar á vefsíðu Reykjavíkurborgar.
- Upplýsingar í kaþólsku kirkjunni.
- Upplýsingar í Kolaportinu.
- Upplýsingar um viðburði sem eru auglýstir með góðum fyrirvara.
- Safna áreiðanlegum upplýsingum saman á einn stað til dæmis upplýsingum fyrir foreldra.
- Móttökubréf með heimilisfangi í Þjóðskrá og öllum þeim grundvallarupplýsingum sem við þurfum á að halda og hvar finna megi hjálp.
- Vera í sambandi við pólskumælandi fólk sem vinnur hjá opinberum stofnunum og safna upplýsingum um þetta fólk á einn stað.

#### Borð 3 (Enska)

- Aðlögun er tvíhliða ferli.
- Hreinsa til á gráu svæðum innflytjendalaganna.
- Hvað er menning eiginlega?
- Er móðurmálið ekki mikilvægt?
- Hvað um fordómna sem þrífast á milli innflytjenda. Uppræta verður þá líka.

#### Borð 5 (Enska)

- Endurvakning Alþjóðahússins.

#### Borð 7 (Vítamska)

- Upplýsingar, samtök.
- „Vegvísir“, hreyfimyndir og stuttmynd með mikilvægum upplýsingum.
- Myndrænar upplýsingar.
- Tímarit á móðurmáli (útgefið efni).
- Miðstöð.

#### Borð 8

- App sem veitir stuttar upplýsingar sem skipta okkur öll máli. Til.dæmis varðandi óveður, kosningar, náttúruhamfarir og viðburði... Korinna & Lisa

#### Borð 10 (Filippseyska)

- Sameinuð filippseysk ráðstefna/þing þar sem málefni innflytjenda eru rædd, framhald á „Lets talk“.
- Filippseysk vefsíða með upplýsingum um Ísland.
- Samfélagsfræðsla um Filippseyjar á Íslandi til þess að fræða og uppræta staðalímyndir.
- Ráðgjafar sem segja okkur hvar getum við leitað að upplýsingum.
- PDF og félagsnet, til dæmis. Upplýsingar um þjónustu sem er í boði.

#### Borð 11 (Enska)

- Taka fyrsta skrefið og sýna frumkvæði.



- Áreiðanlegar kennitölu upplýsingar.
- Lélegar upplýsingar eru til saðar á opinberum stofnunum (aukin þjálfun starfsfólks).
- Samtök fyrir innflytjendur sem eru að leita sér að vinnu.
- Vefsíða og bæklingur ætti að vera á Útlendingastofnun (t.d eins og Fyrstu skref).
- Ódýrari íslensku námskeið.
- Hafa bæklinga og auðveldar upplýsingar á strætóbiðstöðvum.

#### Borð 12 (Enska)

- Gagnkvæmur skilningur.
- Leika saman.
- Til þess að lifa af á Íslandi verð ég að fá mér kærull!
- Von um auðveldu íslensku kennslu!!
- Matarmiðar.
- Vertu ánægður þar sem þú ert vegna þess að þú valdir að koma hingað til þess að flýja heimalandið.
- Ókeypis í strætó einu sinni í viku.
- Vefsíðu með aðgangi að upplýsingum og netföngum annarra hópa.
- Að hugsa fallega, hegða sér vel og tala fallega. Það ert þú.☺
- Loka á eiturlyf sem eru í dagsljósinu sem og bak við læstar dyr.
- Mennta ungdóminn í að hugsa heilbrigðan hátt.
- Breyta hugsunarhættinum.
- Ekki þröngva menningu upp á neinn heldur skulum við fræða og uppörva aðra.
- Sættu þig við það sem þú ert.
- Elska alla.
- Hugsið jákvætt – framkvæmið jákvæða hluti.

#### Borð 13 (Filippseyska)

- Filippseysk fésbókarsíða!
- Skólar styðji móðurmálskennslu.
- Gjaldfrjáls íslenskunámskeið.
- Leiðbeiningar um hvernig á að kjósa. Þýða á filippseysku.
- Upplýsingabæklinga á flugvellinum.
- Meiri upplýsingar fyrir innflytjendur.
- Meiri upplýsingar fyrir innflytjendur í blöðin.
- Vefsíður á fleiri tungumálum, til dæmis fésbókarsíða Reykjavíkurborgar.

#### Borð 14 (Pólska)

- Íslenskunámskeið með þema.
- Námskeið og fundir fyrir fatlaða og eldri borgara.
- Aukin samskipti.

#### Borð 15 (Rússneska)

- Upplýsingamiðstöð fyrir innflytjendur.
- Immigrant.is – Vefsíða fyrir innflytjendur á Íslandi.

#### Borð 16 (Íslenska)

- Flytja „Fit Hostel“ til Reykjavíkur.
- Þjört fjölmenningsleg færni.
- Ekkert um okkur án okkar.

- Fjölmíðil fyrir alla innflytjenda hópanna.
- Jafnrétti á meðal þjóðernis- og menningarhópanna.
- Háværari raddir innflytjenda.

**Borð 17 (Spænska)**

- Hætta að afbrotavæða innflytjendur.
- Við viljum pólitísk áhrif.
- Við erum Íslendingar líka!
- Íslendingar verða að vita eitthvað um okkur innflytjendur.
- Við viljum sömu tækifæri!
- Fræðslu um réttindi okkar.
- Börnum á að kenna virðingu fyrir annarri menningu en þeirra eigin. Þjóðfélagið er fjölmenningslegt og skólarnir eiga að endurspegla það, t.d. á að bera virðingu fyrir móðurmáli innflytjenda.